

ÁRSSKÝRSLA 2008



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÓKASAFN



Úr handritinu ÍBR 46 4to, bl. 45r.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn: Ársskýrsla 2008.

Ritstjórn: Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir (ábm.), Þorsteinn Hallgrímsson.

Umbrot: Erla Bjarnadóttir.

Forsíðumynd er úr handritinu ÍBR 58 4to, bl. 1r.

Aðrar myndir eru fengnar úr handritum með safnmarkið ÍBR og eru teknar á myndastofu safnsins.

EFNISYFIRLIT

FRÁ LANDSBÓKAVERÐI	4
Árangurssamningur	4
STJÓRNSÝSLA	6
Innra starf	6
Samskipti við Háskóla Íslands	10
Innlent samstarf	11
Erlent samstarf	14
Samningar	15
SKIPURIT SAFNSINS Í ÁRSLOK 2008.....	16
REKSTRARSVIÐ	17
Fjármál	17
Starfsmenn	17
Vefstjórn.....	18
Tölvurekstur	18
Upplýsingatæknihópur	19
Kynning og sýningar	19
Rekstur húss og lóðar	21
VARÐVEISLUSVIÐ	22
Handritadeild	22
Þjóðdeild.....	24
Skylduskil	24
Þjónusta og umönnun efnis	25
Íslensk skráning, lyklun og flokkun	25
Sérsofn	25
Bókband og forvarsla	25
Myndastofa	26
ÞJÓNUSTUSVIÐ	27
Upplýsingadeild	27
Upplýsingaþjónusta.....	28
Tímaritahald	29
Millisafnalán	30
Útlánadeild	30
Erlend skráning, lyklun og flokkun	32
Aðföng.....	32
LYKILTÖLUR.....	33
ÁRSTÖLUR.....	36
Notendur og þjónusta	36
Safnkostur og rekstur	39

FRÁ LANDSBÓKAVERÐI

Hlutverk Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns er að vera þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands. Safnið er rannsóknarbókasafn sem skal halda uppi virkri og fjölpætttri upplýsingaþjónustu á sviði vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs.

Í umhverfi safnsins urði þær breytingar helstar á árinu að frumvarp til laga um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn var lagt fram á haustþingi og var í menntamálanefnd um áramót. Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands voru sameinaðir og nýtt stjórnkerfi og skipulag tekið upp. Í samráði við stjórn var hafist handa við undirbúning stefnumótunarvinnu fyrir safnið næstu 3-5 árin.

Rekstur safnsins gekk vel á árinu og niðurstaða rekstrareiknings er jákvæð þrátt fyrir stóráföll í efnahagslífinu á síðasta ársfjórðungi. Hætt er við að róðurinn verði erfiðari á næsta ári og helstu verkefnin framundan eru fjármögnun Landsaðgangs að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum, að verja þau störf sem unnin eru í safninu og að halda uppi sama þjónustustigi.

Í ágúst voru 190 ár liðin frá stofnun gamla Landsbókasafns og bókbandsstofa safnsins varð 100 ára. Af þessu tilefni var sett upp sýning um bókband og forvörslu og safnið stóð fyrir hádegisfyrirlestrum sem tengdust bókbandinu.

ÁRANGURSSAMNINGUR

Í samræmi við árangurssamning milli safnsins og menntamálaráðuneytisins frá 2005 hefur verið lögð áhersla á stöðu safnsins sem þekkingarveitu. Í febrúar var haldinn fundur með ráðuneytinu þar sem farið var yfir helstu atriði samningsins. Áherslurnar eru einkum tvenns konar, *Stafrænt þjóðbókasafn* og *Stafrænt rannsóknarbókasafn*. Á árinu var unnið að eftirtöldum verkefnum í þessum málaflokkum:

STAFRÆNT ÞJÓÐBÓKASAFN

Stefna um stafræna endurgerð

Stefna um stafræna endurgerð var endurskoðuð í júní 2008. Hún er birt á vef safnsins bæði á íslensku og ensku.

Stafræn endurgerð íslenskra dagblaða

Á fjárlögum 2007 veitti Alþingi safninu fé til þriggja ára, til stafrænnar endurgerðar íslenskra dagblaða.

Unnið hefur verið að því verkefni á árinu ásamt fleiri stafrænum verkefnum, en því lýkur 2009.

Vinnslulína fyrir stafræna endurgerð

Undanfarin ár hefur verið unnið að forritun og þróun myndvinnslulínu fyrir stafræna endurgerð safnefnis og var ný útgáfa tekin í notkun á árinu bæði í Reykjavík og á Akureyri.

Vefir safnsins

Nýtt vefumsjónarkerfi (CMS Made Simple) var tekið í notkun á árinu og verða allir níu vefir safnsins smám saman færðir í nýja kerfið. Gert er ráð fyrir ákveðnu samræmi í útliti og virkni og að auðvelt verði að ferðast á milli þeirra. *Inngangur*, innri vefur safnsins, var fyrsti vefurinn sem var færður í nýja kerfið. Á honum er endurskoðuð starfsmannahandbók safnsins sem unnin var rafrænt. Safnið er einnig að fíkra sig inn á s.k. vefsamfélög, t.d setti tón- og myndsafn upp síðu á MySpace og í lok árs var í undirbúningi síða á Facebook þar sem viðburðir í safninu verða auglýstir.

Vefsafnanir

Íslenskum vefsíðum er nú safnað reglulega í samræmi við reglur frá 2005. Unnið er að því að þróa tækni til að veita aðgang að vefsafninu. Helsta vandamálið er stærð safnsins og fjöldi skjala. Fenginn var sérfræðingur frá Internet Archive til samstarfs sumarið 2008, en enn hefur ekki tekist að opna safnið. Nú eru um 450 millj. skjala í vefsafninu. Árið 2004 var safnað af 10.000 vefsetrum en í árslok 2008 voru þau orðin 23.000. Vefsafnið er 10 (7.2) terabæt og er það afritað þannig að magnið er tvöfalt. Nú er mögulegt að sleppa síðum sem ekki hafa breyst frá síðustu söfnun. Gerður var rekstrarsamningur við Skýrr um hýsingu afrits eða varðveislueintaks af vefsafninu 2008.

Samþætt leitargátt fyrir Ísland

Á árinu var unnið að samstarfsverkefni Landskerfis bókasafna, Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Borgarbókasafns um samþætta leitarvél fyrir Ísland. Farið var í forkönnunarverkefni í samvinnu við Konunglega bókasafnið í Kaupmannahöfn og Danska tækniháskólann til að kanna leiðir til að auka og bæta aðgengi að stafrænu efni á Íslandi með öflugri leitarvél og birtingu leitarniðurstaðna í notendavænna umhverfi en gert er í dag. Þetta verkefni er í takt við stefnu ríkisstjórnarinnar um upplýsingasamfélagið 2008 – 2012.

Móttaka á stafrænu efni

Á árinu var unnið að undirbúningi þess að taka á móti efni í stafrænu formi og í lok árs var tekið á móti nokkrum árgöngum dagblaða í einu lagi. Fyrstu leiðbeiningar um skylduskil á efni útgefnu á stafrænu og/eða prentuðu formi voru sendar út og settar á vef. Þessar leiðbeiningar þurfa að vera í sífelldri endurskoðun næstu árin. Sett var upp netfangið tgogn@bok.hi.is en þangað er hægt að senda PDF skjöl til varðveislu í safninu.

Nýjar skrár

Undanfarin ár hefur verið unnið að nákvæmri bókfræðiskrá yfir íslenskt prent sem gefið var út fyrir 1844. Skráin er nú til í ritvinnsluskjali en jafnframt eru styttri færslur fyrir efnið í Gegni. Á árinu var gengið frá ýmsum vafatriðum og lesin próförk. Verið er að vinna tillögur um framhaldið en áhugi er á að birta skrána á vef með tengslum í stafræn eintök.

Safnið tekur þátt í Enrich Evrópuverkefninu um stafræna endurgerð og skráningu handrita og að veita aðgengi að þeim á vefnum. Einnig tekur safnið þátt í verkefninu www.handrit.is um samskrá íslenskra handrita ásamt Árnastofnunum í Reykjavík og Kaupmannahöfn.

Nú eru birtir á vef safnsins leiðarvísar eða skrár yfir einkaskjalasöfn í handritadeild. Þau eru skráð skv. ISAD(G) staðlinum og öllum gögnum sama skjalamyndara er komið fyrir á einu safnmarki. Þetta safn hefur fengið merkinguna Lbs NF sem þýðir nýr flokkur. Nú eru komnir 15 leiðarvísar á vefinn, en þeir verða hluti af handrit.is í framtíðinni.

Miðstöð munnlegrar sögu

Miðstöð munnlegrar sögu tók til starfa í safninu 2007 og er samstarfsverkefni Lbs-Hbs og nokkurra aðila. Samningur um samstarfið var framlengdur um eitt ár í desember. Efni Miðstöðvarinnar er varðveitt á netþjónum safnsins og er nú um 300 gigabæt.

STAFRÆNT RANNSÓKNABÓKASAFN

Landsaðgangur

Engin breyting varð á efni í Landsaðgangi frá fyrra ári en greiðslulíkan fyrir tímarit var endurskoðað og leiðrétt. Mælingar sýna að notkun á efni Landsaðgangs eykst stöðugt. Teknar voru upp nýjar aðferðir við talningu á gagnasafni Morgunblaðsins en ljóst er að umferð þar hefur verið vantalín undanfarin ár. Fjármögnun Landsaðgangs árið 2009 er verulegt vandamál vegna gengissigs krónunnar. Endurskoða þarf fjármögnun verkefnisins í heild.

Séráskriftir

Nokkuð bættist við efni í séráskriftum Lbs-Hbs og HÍ en það efni er aðgengilegt í tölvum safnsins og á háskólanetinu. Opnað var fyrir aðgang að tímaritinu *Nature* og heildargagnasafni *JSTOR* sem hefur sérhæft sig í að færa fræðitímarit á stafrænt form og gera þau aðgengileg. Þar eru 1130 virt fræðirit.

Tímaritaskrá A-Ö

Í tímaritaskrá A-Ö sem er unnin í kerfinu TDNet, er nú aðgangur að: öllum tímaritum í landsaðgangi, öllum tímaritum í séráskrift HÍ og safnsins, öllum tímaritum í timarit.is, fjölda tímarita í opnum aðgangi og upplýsingum um prentuð tímarit sem eru nú í áskrift safnsins. Alls eru um 20 þúsund titlar í skránni.

SFX krækjuckerfi

Landskerfi bókasafna rekur SFX sem er krækjuckerfi (*link solver*) og býr til krækjur í efni í rafrænum aðgangi og veitir upplýsingar um það. Ef notandi hefur ekki aðgang að efninu er honum leiðbeint hvernig hægt er að nálgast það. Tímaritalistar Landsaðgangs eru mataðir inn í SFX og einstök söfn geta síðan bætt við sínum séráskriftum. Tveir starfsmenn safnsins tóku þátt í vinnu verkefnahóps um notkun SFX á Íslandi.

Opið aðgengi að rannsóknupplýsingum (OA)

Frá 2006 hefur safnið verið þátttakandi í norræna verkefninu Nordbib, um þróun opins aðgangs að vísindaupplýsingum og rannsóknarniðurstöðum (Open Access). Þetta er fjögurra ára fjármögnunarverkefni (2006 – 2009) til að þróa slíkan aðgang, sem er mikið hagsmunamál fyrir háskóla, bókasöfn og vísindastofnanir.

Skemman

Á árinu að unnið að undirbúningi þess að safnið taki við rekstri Skemmunnar sem er opið (OA) geymslusafn fyrir stafrænar lokaritgerðir háskólanemenda. Verkefnið fór af stað sem samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands, en Háskóli Íslands, Háskólinn á Bifröst, Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Listaháskóli Íslands hafa nú bæst við.

Í ársskýrslunni er fjallað um helstu verkefni sem unnin voru innan safnsins, auk þess sem birtar eru töflur um árangursmælingar og lykiltölur um starfsemina og helstu niðurstöðutölur rekstrarreiknings

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir
landsbókavörður

STJÓRNSÝSLA

STJÓRN

Í stjórn safnsins sátu Hörður Sigurðsson formaður, skipaður af menntamálaráðherra, Rögnvaldur Ólafsson og Birna Arnbjörnsdóttir skipuð að tilnefningu háskólaráðs Háskóla Íslands, Magnús Jónsson að tilnefningu vísindanefndar Vísinda- og tækniráðs og Eydis Arnviðardóttir að tilnefningu Upplýsingar. Í varastjórn voru Sigrún Magnúsdóttir tilnefnd af menntamálaráðuneyti, Snorri Þór Sigurðsson og Arnfríður Guðmundsdóttir frá Háskóla Íslands, Jóhanna Einarsdóttir frá Vísinda- og tækniráði og Anna Torfadóttir frá Upplýsingu. Fulltrúi starfsmanna fram í apríl var Bragi Þ. Ólafsson en þá tók Ragna Steinarsdóttir við. Varamaður hennar er Rannver H. Hannesson. Stjórnarfundir sitja einnig landsbókavörður, aðstoðarlandsbókavörður og fjármálastjóri safnsins. Haldnir voru átta stjórnarfundir á árinu. Fundargerðir stjórnar eru birtar á *Inngangi*, innri vef safnsins og sendar menntamálaráðuneytinu.

FRAMKVÆMDARÁÐ

Framkvæmdaráð hittist að jafnaði vikulega en þar er miðlað upplýsingum, verkefni samhæft og fjallað um rekstur safnsins. Í framkvæmdaráði sitja

landsbókavörður, aðstoðarlandsbókavörður, sviðsstjórnar varðveislu- og þjónustusviðs og fjármálastjóri sem er jafnframt sviðsstjóri rekstrarsviðs. Framkvæmdaráð fundaði 42 sinnum á árinu og eru fundargerðir birtar á *Inngangi*.

ENDURSKOÐUN LAGA UM LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS – HÁSKÓLABÓKASAFN

Nefnd til að endurskoða lög um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og Þjóðskjalasafn Íslands var skipuð árið 2006. Nefndin skilaði af sér tillögu að frumvarpi fyrir Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn í upphafi árs 2008 en ekki var lagt til að starfsemi þessara stofnana væri sameinuð eða samþætt. Menntamálaráðherra mælti síðan fyrir frumvarpi um safnið í nóvember.

STEFNUMÓTUN

Í samráði við stjórn var hafist handa við undirbúning stefnumótunarvinnu fyrir safnið næstu 3-5 árin. Samið var við fyrirtækið Stjórnhætti ehf um ráðgjafavinnu í desember en vinnan hófst í janúar 2009.

INNRA STARF

REKSTRARÁÆTLUN 2008

Framlag til safnsins á fjárlögum 2008 var 597.7 millj. kr. og gerði rekstraráætlun ráð fyrir 4 m. kr. afgangi. Síðan bættust við fjárveitingar m.a. vegna kjarasamninga og rannsóknarleyfa, þannig að heildarframlag ríkisins varð um 635.9 millj. kr. Á árinu var unnið að ýmsum verkefnum sem hafa beðið s.s. viðhaldi á húsnæði og aðgerðum í öryggismálum. Þar fyrir utan voru allar starfsmannatölvur endurnýjaðar.

VERKEFNAÁÆTLANIR

Árið 2008 voru unnar verkefnaáætlanir fyrir hvert svið eins og undanfarin ár. Alls voru 221 verkefni, stór og smá, á áætlun. Fylgst er með framvindu verkefna á hverjum ársfjórðungi og í árslok er árangur metinn, hvað hefur áunnist, hvað hefur ekki tekist og hvers vegna. Lokið var við 115 verkefni eða 52%. Önnur verkefni voru ýmist enn í vinnslu eða í bið. Hætt var við 18 verkefni vegna breyttra forsendna eða að þau þótti ekki fýsileg.

FRÆÐSLUÁÆTLANIR

Fræðsluáætlanir voru unnar fyrir veturina 2007-2008 og 2008-2009. Ýmist sinnir starfsfólk safnsins fræðslunni eða að fengnir eru utanaðkomandi aðilar til að sjá um hana. Námskeiðin geta verið fyrir alla starfsmenn eða ákveðna hópa. Sem dæmi um námskeið á árinu 2008 eru: Vinnustund, GoPro, öryggisnámskeið, einelti, starfsmannasamtöl, stjórnendaþjálfun, verkstjórnun og Office 2007. Þar að auki gerir safnið þá kröfu til margra starfsmanna að þeir haldi sér við í sínu fagi og kostar námskeið og fræðslu fyrir þá bæði innanlands og utan. Allmargir starfsmenn safnsins stunda nám eða sækja sér endurmenntun á eigin vegum. Reynt er að koma til móts við þá með sveigjanlegum vinnutíma eða lækkuðu starfshlutfalli, sérstaklega ef að námið nýtist viðkomandi í starfi eða bætir við þekkingu í safninu.

RANNSÓKNARLEYFI

Árið 2008 fengu 4 starfsmenn rannsóknarleyfi, samtals í 4 mánuði:

Rannver H. Hannesson; einn mánuður til að rannsaka og greina blek í íslenskum handritum fyrri alda og bera saman við evrópska blekgerð.

Helga Kristín Gunnarsdóttir; einn mánuður til að skoða nýjungar í skráningu tímarita s.s. FRBR-skráningu á Háskólabókasafninu í Louvain í Belgíu, notkun á tímaritaþætti Aleph kerfisins í Háskólabókasafninu í Montpellier í Frakklandi og starfsemi ISSN skrifstofunnar í Bibliotheque National í París og hvernig ISSN úthlutun tengist skylduskilum og skráningu tímarita.

Bragi Þorgrímur Ólafsson; einn mánuður til að heimsækja handritadeild Konungsbókhöfðu í Kaupmannahöfn, Ríkisskjalasafn Danmerkur og fleiri söfn og skoða starfsemi þeirra með tilliti til aðfangastefnu, skráningar og kynningarmála vegna einkaskjalasafna.

Guðmundur Ingi Guðmundsson; einn mánuður til að heimsækja háskóla á Englandi til að kynna sér þjónustu háskólabókasafna við raungreinadeildir.

FRÆDSL- OG KYNNINGARFUNDIR

Þeir starfsmenn sem fara í rannsóknarleyfi gera oft grein fyrir verkefnum sínum á almennum fræðslufundum í safninu. Á árinu sögðu Bryndís Ísaksdóttir og Sigurður Örn Guðbjörnsson frá námsleyfum sínum sem tekin voru á árunum 2006 og 2007. Sigurður heimsótti félagsvísindadeildir í háskóla- og þjóðbókasöfnum í Bretlandi en Bryndís var í Osló og Stanford (U.S.A) og skoðaði sérstaklega uppbyggingu safnkosts.

RÁÐSTEFNUR, MÁLÞING, FUNDIR

Evrópuverkefnin

Haldinn var opinn kynningarfundur um Evrópuverkefnin í apríl. Þar var vakin athygli á því sem er á döfinni í Evrópu varðandi þróun og aðgang að stafrænum bókasöfnum og menningarefni almennt og þátttöku Íslands (Landsbókasafns og Árnastofnunar) í þessum verkefnum. Einnig var gerð grein fyrir helstu tæknilegu forsendum sem liggja að baki. Fjallað var um Evrópubókasafnið - TEL, Stafræna evrópska bókasafnið – EDL, TELplus sem snýr að ljóslestri og leit og Europeana sem er fyrirhuguð gátt með efni frá bókasöfnum, skjalasöfnum og minjasöfnum. Í framhaldi skrifuðu fyrirlesarar greinar um verkefnin í 32. árg. *Bókasafnsins*.

Neftóbaksfræðin

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, ReykjavíkurAkademían og Stofnun Árna Magnússonar efndu til málþings um svokölluð neftóbaksfræði í samstarfi við ORG ættfræðipjónustuna ehf. í maí auk þess sem Oddur Helgason kynnti ættfræðigrunn ORG ættfræðipjónustunnar.

Kynningarfundur um Opinn aðgang (Open Access)

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og Bókasafn Landspítalans efndu til kynningarfundar um Opinn aðgang í fyrirlestrasalnum í maí í tengslum við Nordbib verkefnið. Opinn aðgangur hefur verið skilgreindur sem „aðgangur án endurgjalds á Interneti til að lesa, hlaða niður, afrita, dreifa, prenta, leita í eða tengja við heildartexta greina ... og leyfi til að nota textann löglega en án fjárhagslegra, tæknilegra eða lagalegra hindrana“. Eina skilyrði afritunar og dreifingar efnis í opnum aðgangi er að vitnað sé rétt í höfundinn og hann viðurkenndur sem slíkur. Fjallað var um það sem þegar hefur verið gert hér á landi og næstu skref. Þá var skrifað um OA í vorhefti *Fregna* og í *Morgunblaðinu* 20. október. Einnig var send grein um Open Access á Íslandi í tímaritið *ScieCom Info*.

Vinnufundur um handritaskráningu

Vinnufundur um handritaskráningu og handrit.is var haldinn dagana 23.-25. júní. Sett var upp ný útgáfa af forriti til handritaskráningar, unnið við yfirfærslu MARC færslna í TEL, farið var yfir stílsnið til birtingar og unnið í gagnagrunni fyrir stafrænar myndir. Að verkinu kom 15 manna teymi evrópsks skráningar- og tölvufólks, starfsmenn handrita-deildar, íslenskrar skráningar og upplýsinga-tæknihóps ásamt starfsmönnum Árnastofnunar og Árnasafns í Kaupmannahöfn.

Sérfræðingafundur um Enrich

Dagana 26.-27. júní var haldinn stöðufundur um framgang Enrich Evrópuverkefnisins um skráningu og stafræna endurgerð handrita í safninu. Fundinn sátu 35 manns frá 18 stofnunum í 12 þjóðlöndum. Farið var yfir gang verkefnisins en það er leitt af þjóðbókasafni Tékklands. Markmiðið er að opna greiðan aðgang að stafrænum myndum af fornum heimildum sem varðveitt eru í ýmsum evrópskum menningar-stofnunum og skapa með því móti sameiginlegt sýndarumhverfi, einkum til rannsókna á handritum en einnig vögguprenti, fágætum gömlum prentuðum bókum og öðrum sögulegum skjólum.

Vinnufundur vegna samþættrar leitargáttar

Dagana 27.-29. október voru haldnir vinnufundir á vegum safnsins, Landskerfis bókasafna og Borgar-bókasafns um samþætta leitargátt fyrir Ísland. Fjórir danskir sérfræðingar frá Konunglega danska bókasafninu KB og Danska tækniháskólanum DTU og um þrjátíu Íslendingar fóru yfir þau gögn sem eiga heima í slíkri leitargátt. Þar er um að ræða Gegnir, ýmis stafræn söfn og vefsetur auk efnis í Landsaðgangi og séráskriftir rafrænna tímarita. Jafnframt kynntu Danirnir samvinnuverkefni KB og DTU um samþætta leit. Fundirnir fóru fram í húsnæði Landskerfis í Borgartúni nema síðasti eftirmiðdagurinn var í fyrirlestrarsal safnsins.

Hádegisfyrirlestrar í tilefni af 100 ára afmæli Bókbandsstofu

Í október og nóvember var efnt til fjögurra opinna hádegisfyrirlestra í tengslum við sýninguna *Sauðskinn, saffian og shirtingur* sem sett var upp í tilefni af 100 ára afmæli bókbandsstofunnar. Fjallað var um viðgerðir á bókum og handritum í safninu og þau efni og aðferðir sem notaðar voru, um flutning handritaarsins og merkilegra gagna úr Safnahúsinu við Hverfisgötu austur á Flúðir í seinni heimsstyrjöldinni, rósabekki og bókahnúta í prentverkum fyrri alda og um starfsemi bókbandsstofunnar eins og hún er í dag. Auk þess var gestum boðið í heimsókn í húsnæði bókbandsstofunnar. Fyrirlestrarnir voru vel sóttir af fag- og áhugafólki utan safnsins og talsverð fjölmiðlaumfjöllun var um þá og sýninguna.

ÖRYGGISMÁL

Haldið var áfram að vinna að því að auka öryggi safnskots og starfsmanna og var stuðst við skýrslu sérfræðings í öryggismálum frá Konunglega danska bókasafninu sem safnið fékk til sín haustið 2006. Aðgangs- og öryggiskerfi hússins ásamt eftirlitskerfi og ljósastýringu voru endurnýjuð og unnið var að ýmsum smærri verkefnum sem eru á verkefna-áætlun um öryggismál. Í mars var haldin bruna-æfing og gekk mjög vel að fylgja þeim reglum sem þá eiga við og rýma húsið á stuttum tíma. Auk aðgerða í Þjóðarabókhöðun voru gerðar ýmsar ráðstafanir í Reykholti til að auka öryggi safnskots og eftirlit með húnæðinu.

SKJALASTJÖRN

Skjalastjórnaðkerfið GoPro.net var tekið í notkun í upphafi árs 2007 og hafa 30 starfsmenn aðgang að kerfinu. Það var uppfært í útgáfu 1.4 í maí. Nýja útgáfan styður Office 2007 skráartegundir og

skjalasniðmát og tryggði að uppfærslan í Office 2007 á tölvum starfsmanna varð án vandkvæða. Erla Bjarnadóttir á skrifstofu landsbókavardar sér um skjalamál og að ganga frá eldri skjölum í geymslu. Alls voru stofnuð 212 mál í GoPro árið 2008. Þórir Ragnarsson fyrrverandi aðstoðar-landsbókavörður lét af störfum á árinu en tók að sér að fara yfir og ganga frá hluta af skjölum Háskólabókasafns sem höfðu dagað uppi í geymslum.

ÚTGÁFA

Stefnt er að því að útgáfa safnsins verði framvegis sem mest í rafrænu formi. Bæklingar og kynningarefni verða samt sem áður einnig til í prentuðu formi. Greinum og skrifum starfsmanna sem tengjast starfsemi safnsins er safnað á vef safnsins. Flestir bæklingar eru aðgengilegir í PDF-sniði, allar ársskýrslur safnsins frá 1994, sýningarskrár frá 2007 og *Árbók Landsbókasafns 1945-1994* er nú aðgengileg á timarit.is.

VEFIR SAFNSINS

Nýtt vefumsjónarkerfi (CMS Made Simple) var tekið í notkun á árinu og verða allir níu vefir safnsins smám saman færðir í nýja kerfið. Gert er ráð fyrir ákveðnu samræmi í útliti og virkni og að auðvelt verði að ferðast á milli þeirra. Fyrsti endurskoðaði vefurinn var *Handbók skrásetjara* (HASK), en *Inngangur* sem er innri vefur safnsins var næstur og *timarit.is* var opnaður á afmæli safnsins 1. desember. Endurskoðun *timarit.is* tengdist nýrri vinnslulínu fyrir stafræna endurgerð en virkni og útlit vefjarins var endurskoðað frá grunni. Heildarfjöldi myndaðra blaðsíðna á timarit.is er nú um 2.6 milljónir. Heildarfjöldi ljóslesinna (OCR) blaðsíðna er rúmlega 2.0 milljónir, en ljóslesturinn gerir leit í efni vefjarins mögulega. Þá var unnið að endurskoðun aðal-vefsins og verður hann opnaður í byrjun árs 2009. Við endurskoðun vefjanna er tekið mið af þeim áherslum sem liggja til grundvallar úttektum á vefsíðum opinberra stofnana á Íslandi. Þá er unnið eftir staðlinum WCAG 2.0 (Web Content Accessibility Guidelines) fyrir aðgengi fatlaðra og sjónskertra að vefsíðum.

Tón- og myndasafn setti upp MySpace síðu í því skyni að kynna starfsemi safnsins og til að safna og setja sig í samband við íslenska tónlistarmenn sem gefa út verk sín á netinu. Í lok árs stóð yfir undirbúningur fyrir síðu á Facebook þar sem viðburðir í safninu verða auglýstir.

VEFMÆLINGAR

Talningu á öllum vefjum safnsins, þ.m.t. *hvar.is*, var komið á. Talningin er unnin af Modernus sem hefur framkvæmt mælingar á aðalvefnum og *timarit.is* frá því í október 2004. Aukning varð á notkun vefjanna á árinu, en heildarnotkun mældist rúmlega 386 þúsund notendur, 634 þúsund innlit og 3.1 millj. síðuflettinga. Aðalvefur safnsins er langmest sóttur en mest aukning varð í notkun *timarit.is* og tók hann stökk í lok árs þegar ný útgáfa vefjarins var kynnt. Notkun vefjanna er árstíðabundin, mest í mars til apríl og október til nóvember. Þá er notkun á vefjum safnsins ólík. Langmest er sótt af síðum á *timarit.is* en ef síðuflettingum er deilt á fjölda notenda, þá hefur HASKið vinninginn. Meira en helmingur umferðar á *sagnanet.is* og *kort.is* kemur frá öðrum rótarlénnum en *.is* sem gefur vísbendingu um aðdráttarafi þessara vefja utan Íslands. Heildarnotkun á *hvar.is* eykst einnig frá fyrra ári en nokkrar sveiflur eru á notkun hjá einstökum útgefendum, hjá sumum eykst notkun en dregst saman hjá öðrum. Nýjar aðferðir voru teknar upp við mælingu á notkun gagnasafns *Morgunblaðsins* (eldri en 3ja ára) en ljóst er að einungis hluti af umferðinni um þann vef var talinn áður.

Í VIKULOKIN

Landsbókavörður sendir á föstudögum út pistla undir heitinu *Í vikulokin*. Pistlarnir eru sendir á alla starfsmenn og stjórn safnsins. Tilgangurinn er að draga saman það helsta sem gerst hefur undanfarna viku og veita upplýsingar um þau verkefni sem verið er að vinna að í safninu og samskipti við aðila utan safns. Alls voru sendir út 40 vikulokapistlar á árinu og er þeim jafnframt safnað á *Inngang*.

STARFSMANNAFUNDIR

Þrír almennir starfsmannafundir voru haldnir á árinu:

10. apríl var kynnt endurskoðuð starfsmannahandbók, starfsmannastefna, jafnréttisáætlun, og reglur um greiðslu viðbótarlauna.

Þá voru kosnir fulltrúar starfsmanna og varamanns í stjórn safnsins sbr. reglugerð nr. 706 / 1998 og tveir fulltrúar starfsmanna í Öryggisnefnd sbr. lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46 / 1980. Að lokum varð nokkur umræða um kaffitíma.

22. október var fjallað um áhrif af áföllum í efnahagsmálum á starfsemi safnsins, framkvæmd fjárlaga og fjárlagagerð og kynnt bréf frá menntamálaráðuneytinu þessa efnis.

27. nóvember var rætt um frumvarp til laga um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn sem þá hafði verið lagt fram á Alþingi.

STARFSMANNAFÉLAG OG STAFFAKAFFI

Í stjórn eru Jökull Sævarsson formaður, Hallfríður Baldursdóttir gjaldkeri, Guðrún Eggertsdóttir ritari, Hekla Pálsdóttir meðstjórnandi og Bryndís Vilbergisdóttir og Þórný Hlynisdóttir varamenn. Félagið stóð fyrir ýmsum uppakomum á árinu. Grillveisla var haldin við Þjóðarbókhöllu 19. júní. Um miðjan október var efnt til Lundúnaferðar sem 26 starfsmenn tóku þátt í auk 8 annarra ferðafélaga. Aðalerindið var að heimsækja British Library og kynna sér starfsemina þar en einnig var gert margt annað til skemmtunar. Í lok ársins bauð félagið til sýninga á nokkrum gamanmyndum til að lyfta geði fólks auk þess sem hefðbundinn upplestur úr jólabókum var 4. desember. Árleg jólagleði félagsins var flutt fram á nýtt ár.

MÖTUNEYTI

Matstofa Vesturbæjar hætti rekstri mötuneytis og Cesar veitingar undir stjórn Ægis Finnbogasonar sáu um rekstur mötuneytis fyrir starfsmenn og kaffistofu á 2. hæð og sáu einnig um fundi og móttökur á vegum safnsins. Fyrirtækið tók einnig að sér rekstur matstofu í Tæknigarði á árinu.

SAMSKIPTI VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

SAMSTARFSSAMNINGUR OG SAMSTARFSNEFND

Samstarfssamningur milli Háskóla Íslands og safnsins er frá 2004, með viðauka frá 2007. Samkvæmt samningnum starfar samstarfsnefnd um framkvæmd hans en í henni eru Þórður Kristinsson frá Háskóla Íslands og Áslaug Agnarsdóttir og Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir frá safninu. Nefndin hittist ekki formlega en unnið var að rafrænum skilum lokaritgerða, lengdum afgreiðslutíma í prófum, kaupum á rafrænum gögnum, framkvæmd FJÖLÍS-samnings um staf-ræna eintakagerð í háskólum og sendilspjónustu.

HÁSKÓLAFUNDIR

Landsbókavörður situr háskólafundi en fyrir-komulagi þeirra var breytt á árinu og nefnast fundirnir nú háskólaþing. Háskólafundur var haldinn 17. apríl og aðalræðuefnið var stefna Háskóla Íslands 2006-2011 og sameining HÍ og Kennaraháskóla Íslands. Fyrsta háskólaþing var haldið 25. september og sótti Áslaug Agnarsdóttir þingið af hálfu safnsins. Fjallað var um reglur um skipan og fundarskóp háskólaþings og reglur um tilnefningu fulltrúa háskólasamfélagsins og nem-enda í háskólaráð Háskóla Íslands og voru tveir fulltrúar og tveir varafulltrúar tilnefndir. Þá var fjallað um skýrslu nefndar um inntöku nýnema og aðgerðir gegn brottfalli úr námi.

SAMEINING HÁSKÓLA ÍSLANDS OG KENNARAHÁSKÓLA ÍSLANDS

Háskóli Íslands og Kennaraháskóli Íslands voru sameinaðir 1. júlí 2008. Við sameininguna var unnið að ýmsum verkefnum sem tengjast starfsemi safnsins:

Verkaskipting, stoðþjónusta og stjórnsýsla

Á háskólaráðsfundi þann 6. mars var samþykkt greinargerð um verkaskiptingu í stoðþjónustu og stjórnsýslu í nýju stjórnskipulagi fyrir HÍ. Forstöðumenn þjónustustofnana HÍ funduðu um fyrirhugaðar breytingar 1. apríl ásamt Halldóri Jónssyni sviðsstjóra vísindasviðs HÍ og Guðrúnu Jóhannu Guðmundsdóttur starfsmannastjóra. Helstu línurnar í greinargerðinni eru að forseti fræðasviðs er yfirmaður starfsmanna sviðsins, skrifstofur deilda munu verða hluti af skrifstofu hvers sviðs og að gert er ráð fyrir samþættingu og teymisvinnu milli sviða. Þá er gert ráð fyrir að hlutverk og skipulag núverandi þjónustustofnana verði endurskoðað, auk bókasafnsþjónustu, eins og það er orðað í greinargerðinni.

Endurskoðun upplýsingatæknimála

Á fundi háskólaráðs 17. janúar var samþykkt að skipa starfshóp um endurskoðun upplýsingatæknimála og mótun upplýsingatæknistefnu HÍ. Formaður hópsins var Helgi Þorbergsson, dósent í tölvunarfræði og formaður stjórnar Reiknistofnunar. Starfshópnum var ætlað að greina þarfir stjórnenda, akademískra starfsmanna og starfsmanna í stjórnsýslu-, tækni- og þjónustustörfum, stúdenta í grunnnámi og fram-haldsnámi og annarra hagsmunaaðila. Einnig átti hópurinn að afla sér ráðgjafar hjá innlendum og erlendum sérfræðingum á sviði upplýsingatækni.



Úr handritinu ÍBR 3 4to, bl. 67r.

Samráðsfundir

Nokkrir viðræðu- og samráðsfundir milli safnsins, Menntasmiðju KHÍ, (nú bókasafns Mennta-vísindasviðs HÍ) og Bókasafns og upplýsinga-þjónustu Landspítalans voru haldnir á árinu. Fundina sátu Ingibjörg Sverrisdóttir og Áslaug Agnarsdóttir af hálfu Lbs-Hbs, Kristín Indriðadóttir og Þórhildur Sigurðardóttir af hálfu KHÍ og Sólveig Þorsteinsdóttir frá Landspítala. Fleiri starfsmenn sátu einstaka fundi eða sinntu ákveðnum verk-efnum. Unnið var að breytingum á fyrirsögnum og staðsetningum í Gegni, 18. útgáfu Gegnis, rafrænum skilum lokaverkefna og Skemmunn, rafrænum Dewey, millisafnalánum, aðgangi að rafrænu efni og vefmálum.

SKEMMAN OG SKIL NÁMSRIT-GERÐA Á STAFRÆNU FORMI

Samstarfsnefnd safnsins og skólans sendi erindi til háskólaráðs í febrúar um rafræn skil og varðveislu lokaritgerða nemenda. Farið var fram á að reglum um skil á lokaritgerðum yrði breytt og gerð krafa um að nemendur skili bæði pappírseintaki og rafrænu eintaki til safnsins og var breytingin samþykkt 21. febrúar. Þetta var undanfari þess að safnið taki við rekstri Skemmunnar sem er opið (Open Access) geymslusafn fyrir stafrænar lokaritgerðir háskólanemenda. Verkefnið fór af stað sem samstarfsverkefni Háskólans á Akureyri og Kennaraháskóla Íslands, en Háskóli Íslands, Háskólinn á Bifröst, Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri og Listaháskóli Íslands hafa nú bæst við. Byrjað var að taka á móti lokaritgerðum frá HÍ við útskrift í maí. Nemendur gátu skilað bæði á geisladiski eða sent á netfang og mun starfsfólk safnsins síðan færa skjölin inn. Seinni hluta ársins

var unnið að því að tengja Listaháskólann, Bifröst og Hvanneyri við kerfið og í janúar 2009 var kerfið fært til safnsins, sem mun sjá um rekstur þess. Í undirbúningi er gerð samstarfssamnings um reksturinn.

ÚTIBÚ Í LÖGBERGI

Miklar endurbætur voru gerðar á bókasafninu í Lögbergi í tengslum við 100 ára afmæli lagadeildar HÍ. Framkvæmdir hófust á haustönn 2007 þegar tölvuverið í Lögbergi var lagt niður og rýmið sameinað safninu. Allt rými safnsins var málað og sett inn ný húsgögn. Þá var sett upp öryggishlið og í kjölfarið voru settar öryggisræmur í allar bækur safnsins.

NÁMSKEIÐ UM LANDSBÓKASAFN

Í janúar var, í samstarfi við bókasafns- og upplýsingafræðiskor HÍ, haldið námskeiðið Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn: hlutverk, starfsemi og þjónusta. Námskeiðið stóð í viku og sóttu það 45 nemendur, bæði nemendur á BA stigi og í MLIS-námi. Nemendur sátu fyrirlestra og unnu í hópum við úttekt á ýmsum þáttum starfseminnar.

STÚDENTARÁÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS

Tveir fundir voru haldnir með hagsmunanefnd stúdenta. Í samráði við stúdentaráð var afgreiðslutími í prófum lengdur um nokkra klukkutíma. Mælanleg aukning varð á notkun lessæta í safninu á þeim tíma og verður þessu fyrirkomulagi því haldið áfram.

INNLENT SAMSTARF

HÁSKÓLABÓKAVERÐIR

Háskólabókaverðir hittast reglulega og á árinu voru haldnir 4 fundir, í Háskólanum í Reykjavík, Listaháskóla Íslands, á Bifröst og í Lbs-Hbs. Meðal helstu mála sem rædd voru má nefna: þjónustusamninga við Landskerfi bókasafna, greiðslur vegna tímarita- og gagnasafna í Lands-

aðgangi, Fjölís samning um stafræna eintakagerð í skólum, rafræn skil lokaverkefna og varðveislusöfnin Hirsluna og Skemmuna, Alefli notendafélag Gegnis og opið aðgengi að rannsóknarupplýsingum (Open Access).

LANDSKERFI BÓKASAFNA

Starfsmenn safnsins taka mikinn þátt í vinnu við þróun Gagnis og uppfærslur og sérfræðingar frá safninu sjá um og taka þátt í kennslu á námskeiðum á vegum Landskerfis bókasafna. Landsbókavörður fer með hlut ríkisins í stjórn fyrirtækisins. Á vegum Landskerfis starfa Skráningarráð og Efnisorðaráð. Fulltrúi safnsins í báðum ráðum er Ragna Steinarsdóttir en Hildur Gunnlaugsdóttir gæðastjóri Gagnis situr einnig fundi Skráningarráðs. Í mars 2007 var gert samkomulag milli Landskerfis bókasafna og safnsins um tveggja ára áttak í efnisorðavinnu í Gagni. Landskerfi veitti Landsbókasafni styrk að upphæð 1.5 m. kr. í tvö ár. Þá mun Landsbókasafn, í samvinnu við bókasöfn landsins, taka við allri efnisorðavinnu í Gagni.

Tillögur um aukna þjónustu og ný verkefni

Á árinu fjallaði stjórn Landskerfisins um aukna og bættu þjónustu fyrirtækisins og ný verkefni. Ráðinn var þýskur ráðgjafi um bókasafnamál, Dr. Karl Wilhelm Neubauer, og var honum ætlað að fara yfir málefni Landskerfisins og koma með tillögur á þessu sviði. Einnig kannaði hann aðstæður hér á landi og möguleika á samstarfi bókasafna, minjasafna og skjalasafna í anda European Digital Library. Verkefnið var samstarfsverkefni Landskerfis bókasafna, Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns og Borgarbókasafns. Í apríl lagði hann fram skýrslu *Status Report and Proposals for IT Service Improvement of the Consortium of Icelandic Libraries* og kynnti ýmsar tillögur í henni á fundi í safninu, þar sem voru starfsmenn safnsins, auk fulltrúa frá Landskerfi, Borgarbókasafni, Menntasmiðju KHÍ og Bókasafni Landspítala. Sumar tillögurnar gerðu ráð fyrir samstarfi við söfn í Danmörku eða svipuðum lausnum og þar hafa verið teknar í notkun. Landsbókavörður, borgarbókavörður og framkvæmdastjóri Landskerfis bókasafna heimsóttu því Konunglega bókasafnið í Kaupmannahöfn og Statsbiblioteket í Árósum í maí, til að skoða nýjungar í leitarvélum og birtingu leitarniðurstaðna.

Forgreining – Samþætt leitarvél fyrir Ísland

Í framhaldi af heimsókninni var farið í forgreiningarverkefni (pre-project) í samvinnu við Konunglega bókasafnið í Kaupmannahöfn og Danska tækniháskólann til að kanna leiðir til að auka og bæta aðgengi að stafrænu efni á Íslandi með öflugri leitarvél og birtingu leitarniðurstaðna í notendavænna umhverfi en hægt er í dag. Dönsku söfnin nota Aleph og kerfið Primo frá Ex-Libris og

sömu kerfi verða notuð í verkefninu. Í lok október var haldinn vinnufundur með þátttöku fjögurra sérfræðinga frá Danmörku og um þrjátíu Íslendinga. Þar var farið yfir þau gögn sem eiga heima í slíkri leitargátt en það eru Gagnir, ýmis stafræn söfn og vefsetur auk efnis í Landsaðgangi og séráskriftir rafræns efnis. Í lok árs var unnið að frumgerð að leitarvélinni en sum gögnin þarf að aðlaga til að hægt sé að nota þau og einnig þurfti að fá leyfi útgefenda erlends efnis. Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki á vormánuðum 2009.

Gæðahópur

Samráðsfundur um gæðamál Gagnis var haldinn í Lbs-Hbs í desember. Á fundinum voru fulltrúar frá Borgarbókasafni, Lbs-Hbs og Landskerfi bókasafna. Helstu gæðaverkefni sem unnið verður að á næsta ári voru skilgreind og þar er fyrst til að taka endurlyklun bókfræðigrunns Gagnis. Önnur verkefni lúta að lagfæringum á nafnmyndastjórn, kerfiskeyrslum m.a. gátun blindra vefslóða, tölfraði um bókfræðigögnin og störf skrásetjara, kennslu, námskeiðum og viðhaldi *Handbókar skrásetjara*.

Ný útgáfa Gagnis og vefurinn gegnir.is

18. útgáfa Gagnis var tekin í notkun á árinu og vefurinn gegnir.is var jafnframt opnaður í endurbætttri gerð. Meginmarkmið með endurgerðinni var að gera vefinn sem aðgengilegastan og nýtsamlegastan fyrir almenna notendur bókasafna. Aðkoma safnsins að verkefninu var þrífætt: fulltrúar í rýnihópum fyrir vefinn gegnir.is, fulltrúar í verkefnahópi fyrir útgáfuskiptin og prófanir á 18. útg. í prófunarumhverfi.

HASK - Handbók skrásetjara Gagnis

Handbók skrásetjara Gagnis, sem starfsmenn safnsins sjá um, var uppfærð tvisvar á árinu. Byrjað var að mæla umferð um vefinn hask.bok.hi.is á árinu eins og á öðrum vefjum safnsins.

Fræðslufundur skrásetjara

Í október var haldinn rúmlega 60 manna fræðslufundur skrásetjara Gagnis. Kynnt var þjónusta frá Syndetic Solutions, sem auðgar bókfræðifærslur með því að tengja kápumyndir, efnisyfirlit og útdrætti við bókfræðiupplýsingar. Þá var fjallað um nýjar skráningarreglur, Resource Description and Access (RDA) sem verða innleiddar á næstu árum, nafnmyndastjórnun, bættar leitarheimtur úr Gagni í kjölfar nýrrar lykunar kerfisins, nafnmyndaskrá Gagnis og breytingar á verkferlum í 18. útgáfu Gagnis.

Námsbókasafnspáttur Gegnis

Keyptur var námsbókasafnspáttur í Gegni og var hann settur upp á árinu. Gert er ráð fyrir að taka hann í notkun 2009.

Fulltrúaráð Aleflis, notendafélags Gegnis

Fulltrúaráð Aleflis er skipað einum fulltrúa frá hverri stjórnunareiningu eins og þær eru myndaðar af Landskerfi bókasafna. Í stjórnunareiningu 7 eru tvö söfn, Lbs-Hbs og Bókasafn Landspítala-Háskólasjúkrahúss. Helga Kristín Gunnarsdóttir sat í fulltrúaráðinu fyrir hönd safnsins.

Samningur um þjónustu vegna bókasafnskerfis

Nýr þjónustusamningur við Landskerfi bókasafna var undirritaður 31. október.

KVENNASÖGUSAFN

Stjórnarnefnd Kvennasögusafns er skipuð af stjórn Landsbókasafns til þriggja ára. Ný stjórn var skipuð 2007, en Kristín Ástgeirsdóttir sagði sig úr stjórninni og í hennar stað var skipuð Erla Hulda Halldórsdóttir af hálfu Rannsóknarstofu í kvenna- og kynjafræði við HÍ. Aðrar í stjórn eru Helga Guðmundsdóttir frá Kvenfélagasambandi Íslands og Edda G. Björgvinsdóttir af hálfu Lbs-Hbs.

MIÐSTÖÐ MUNNLEGRAR SÖGU

Landsbókavörður og formaður stjórnar Miðstöðvarinnar rituðu bréf til mennta-málaráðuneytisins í maí, þar sem lagt var til að Miðstöðin verði hluti af handritadeild safnsins og að safnið fái auknar fjárveitingar til að standa undir starfsemi. Erindinu var hafnað. Samstarfssamningur var framlengdur um eitt ár, til loka árs 2009.



Úr handritinu ÍBR 6 4to, bl. 1r.

ERLENT SAMSTARF

NORON

Norrænir lands- og ríkisbókaverðir hittast að jafnaði tvisvar á ári ásamt forstöðumönnum þeirra þriggja embætta sem sinna bókasafnamálum í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Fyrri fundurinn var haldinn 22.-23. maí í Helsinki og þar var m.a. rætt um samstarf um bóksögu á Norðurlöndum, höfundaréttarmál, Evrópubókasafnið TEL, auk þess sem Finnar kynntu þróun á rafrænni þjónustu og átaki við stafræna endurgerð. Seinni fundurinn var í Kaupmannahöfn 7. nóvember en landsbókavörður sótti hann ekki, en sendi efni á fundinn. Helstu umræðuefni voru samvinna við OCLC, þátttaka í World Digital Library á vegum Library of Congress, Europeana, staða stafrænnar endurgerðar á Norðurlöndunum og einnig staða vefsafnana.

NORDBIB

Nordbib er fjögurra ára fjármögnunarverkefni á vegum Nordforsk og Norrænu ráðherranefndarinnar sem hófst 2006. Markmiðið er að móta sameiginlega norræna afstöðu til opins aðgengis að rannsóknarupplýsingum og dreifingu þeirra (Open Access – OA). Skipulögð hafa verið þrjú áherslusvið sem eru: 1. Stefna og sýnileiki, 2. Innihald og aðgangur og 3. Grunnkerfi og tenging kerfa. Verkefninu er stýrt af NORON hópnum, en auk þess starfar verkefnishópur sem í sitja fimm norrænir fulltrúar og er Áslaug Agnarsdóttir fulltrúi Íslands. Hlutverk hópsins er að skilgreina sérstök markmið og árangur og sjá um að rammar og fjárveitingar haldi. Framkvæmdastjóri er Hanne Marie Kværndrup.

Á árinu 2008 var auglýst eftir styrkjum á sviðum 1 og 2 og haldin framhaldsráðstefna um opið aðgengi að rannsóknarupplýsingum á Helsingjaeyri í Danmörku. Þar var fjallað um sýnileika rannsókna og aukin gæði við mat á rannsóknum.

CENL – CONFERENCE OF EUROPEAN NATIONAL LIBRARIANS

Árlegur fundur var haldinn í Zagreb í Króatíu 24.-27. september. Á fundinum var lögð fram ársskýrsla, reikningar og fjárhagsáætlun. Einnig voru kynntar skýrslur undirnefnda og ráða og drög að stefnu CENL um stafræn verkefni kynnt. Þá var rætt um Europeana og öryggis- og varðveislumál stafrænna gagna.

EVROPUVERKEFNI

Evrópuverkefnin voru fyrirferðamikil í starfsemi safnsins á árinu. Verkefnin eru rekin á vegum eða í tengslum við CENL. Haldinn var kynningarfundur um verkefnin apríl og ennfreður voru skrifaðar greinar í 32. árgang *Bókasafnsins*.

Evrópubókasafnið - TEL

Safnið er fullgildur aðili að Evrópubókasafninu (The European Library - TEL) síðan 2007 en CENL stýrir verkefninu. Evrópubókasafnið er opin gátt sem býður upp á samleit og aðgang að gögnum frá 48 evrópskum þjóðbókasöfnum á 20 tungumálum, þar á meðal íslensku. Gögnin geta verið skrár, bókfræðifærslur og stafrænt efni. Safnið tók auk þess þátt í fjórum verkefnum á sviði miðlunar og stafrænnar endurgerðar, sem ýmist er stjórnað af Evrópubókasafninu eða nátengd því. Framlag safnsins felst í að vinna gögn sín þannig að hægt sé að tengja þau við Evrópubókasafnið og síðar Stafræna Evrópusafnið. Starfandi voru vinnuhópar um þessi verkefni:

Stafræna Evrópusafnið (European Digital Library – EDLproject) fól í sér að safnið ásamt Landskerfi bókasafna veitti aðgang að Gegni og timarit.is í um TEL gáttina með Samræmdum lýsigögnum (OAI-/PMH). Verkefninu lauk í febrúar 2008.

TELplus verkefnið felst í að ljóskennsl (Optical Character Recognition, OCR) eru notuð til að ljóslesa efni á timarit.is og gera hann þannig leitarbæran. Síðan var textaleit timarit.is felld inn í Evrópubókasafnið og aðgangur veittur um TEL gáttina.

ENRICH verkefnið felst í því að opna aðgengi að handritaskráningu og stafrænum myndum af þeim með samræmdu leitarkerfi. Þátttakendur eru skjala- og handritasöfn í Evrópu. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Árnastofnun í Kaupmannahöfn og Landsbókasafn eru aðilar að þessu verkefni. Aðgangur verður veittur í gegnum manuscriptorum.eu og handrit.is

Europeana er fjölmenningargátt þar sem hægt verður á einum stað að leita að og fá aðgang að fjölbreyttu evrópsku stafrænu efni á sviði menningar og lista, þ.m.t. kvikmyndum, hljóðritum og listaverkum. Forveri hennar er Stafræna Evrópusafnið EDL. Frumgerð Europeana var opnuð í desember 2008. Hluti vefsins er fjöltyngdur og þ.á.m. á íslensku.

IFLA-ÞING Í QUÉBEC Í KANADA

Þing IFLA var haldið í Québec í Kanada 10.-14. ágúst. Yfirskrift þess var *Libraries without borders: Navigating towards global understanding*. Fjórir starfsmenn safnsins sóttu þingið en þar voru um 4000 þátttakendur og þar af 13 frá Íslandi. Landsbókavörður sótti fundi í deild landsbókasafna og fund landsbókavara smárikja, Small and smart. Hildur Gunnlaugsdóttir sótti s.k. satellite fund fyrir þingið, um RDA (Resource Description and Access) en RDA verður staðall fyrir skráningu og lýsingu stafrænna gagna í framtíðinni.

CDNL – CONFERENCE OF DIRECTORS OF NATIONAL LIBRARIES

Árlegur fundur alþjóðasamtaka landsbókavara var haldinn í tengslum við þing IFLA. Á fundinum var kosið um lagabreytingar og í ábyrgðarstörf. Þá voru erindi um stefnumótun og fulltrúum síðan skipt í hópa og þeir ræddu framtíðarverkefni samtakanna og samstarf innan heimsálfa. Einkum virðist áhugi á samvinnu á sviði stafrænnar endurgerðar og varðveislu stafræns efnis en einnig má benda á mál sem snerta staðla og höfundarrétt.

IIPC - INTERNATIONAL INTERNET PRESERVATION CONSORTIUM

Safnið er þáttakandi í IIPC en samtökin hafa það markmið að skilgreina hvað þarf til að varðveita vefsíður einstakra landa (og jafnvel þegar fram í sækir allar vefsíður) þannig að vitrænt og menningarlegt innihald Vefsins fari ekki forgörðum. Ísland hefur tekið þátt í stjórn og starfshópum og fulltrúar safnsins sækja þar vinnufundi. Þorsteinn Hallgrímsson aðstoðarlandsbókavörður var formaður samtakanna árin 2007–2008.


SUMARSKÓLI Í HANDRITAFRÆÐUM

Safnið tók þátt í að halda 5. alþjóðlega sumarskólann í handritafræðum (5th International Summer School in Manuscript Studies) í Kaupmannahöfn í ágúst. Um er að ræða samstarfsverkefni Árnastofnananna í Reykjavík og Kaupmannahöfn og fleiri aðila. Um 70 manns sóttu skólann en Sjöfn Kristjánsdóttir kenndi á framhaldsnámskeiði sem hélt áfram rannsóknum á Líkafróns sögu sem er varðveitt í safninu.

SAMNINGAR

08.01.2008	Samningur við Nortek um útvegum og uppsetningu á öryggisútbúnaði
05.03.2008	Samningur um afhendingu á handritagögnum Gunnars Gunnarssonar
05.03.2008	Samningur um bætt aðgengi að gögnum Gunnars Gunnarssonar með skráningu og varðveislu
02.04.2008	Samningur við Háskólaútgáfuna um útgáfu bókarinnar <i>Sú þrá að þekkja og nema : um Jónas Jónasson frá Hrafnagili</i>
11.04.2009	Samningur við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Den Arnamagnæanske Samling um samstarf við skráningu handrita
25.04.2008	Þjónustusamningur við Nýherja vegna tækja í Tón- og myndsafni
26.05.2008	Tækjaleigusamningur við Nýherja vegna tölvubúnaðar – diskastæður
28.05.2008	Tækjaleigusamningur við Nýherja vegna tölvubúnaðar – starfmannatölvur
12.06.2008	Samningur við Þjóðskjalasafn Íslands um stafræna myndun Fasteignamats 1916-1918 og Jarðarmats 1849
19.08.2008	Samningur um aðgang að JSTOR gagnasafninu
12.09.2008	Samningur við Farmanna- og fiskimannasamband Íslands um stafræna endurgerð Sjómannablaðsins Víkings.
25.09.2008	Samningur við Skýrslutæknifélagið um stafræna endurgerð Tölvumála
01.10.2008	Samningur við Veðurstofu Íslands um stafræna endurgerð Meteorologisk Árbog og Íslenskrar veðurfarsbókar
31.10.2008	Samningur við Landskerfi bókasafna um þjónustu vegna bókasafnskerfis
14.11.2008	Samningur við Skýrr um hýsingu vefsafnsins
18.11.2008	Samningur við Wiley-Blackwell um lán á tímaritinu Acta Ophthalmologica og stafrænan aðgang að því
19.11.2008	Samningur við Árvakur hf um skil, varðveislu og aðgengi að stafrænum útgáfum Morgunblaðsins
08.12.2008	Samningur við Stjórnhætti ehf um ráðgjafavinnu vegna stefnumótunar
18.12.2008	Viðbót við samstarfssamning um Miðstöð munnlegrar sögu (framlenging)
19.12.2008	Samningur við menntamálaráðuneytið um vinnslu tölfraði bókasafna

SKIPURIT SAFNSINS Í ÁRSLOK 2008





Úr handritinu ÍBR 39 4to, bl. 18v.

REKSTRARSVIÐ

Rekstrarsvið ber ábyrgð á allri innri þjónustu safnsins, þ.e. fjármálum, starfmannamálum, almennu skrifstofuhaldi, upplýsingatækni, rekstri húss og lóðar og samningum um rekstur mótuneytis og veitingastofu. Í byrjun ársins fluttist sýningarhald og umsjón með vefjum safnsins til rekstrarsviðs. Sviðsstjóri rekstrarsviðs er jafnframt fjármálastjóri safnsins. Í árslok var fjöldi starfsmanna 17 og ársverk voru 15,75. Auk landsbókavarðar og sviðsstjóra voru á skrifstofu landsbókavarðar 4 starfsmenn í 4 ársverkum, við tölvurekstur og upplýsingatækni 4 starfsmenn í 4 ársverkum, við húsrekstur 5 starfsmenn í 4,25 ársverkum og við sýningarhald 2 starfsmenn í 1,5 ársverkum.

FJÁRMÁL

Endanlegur rekstrar- og efnahagsreikningur safnsins árið 2008 liggur ekki fyrir en staðan við lokagerð ársskýrslunnar er birt í árstölum safnsins á bls. 41 og þar kemur einnig fram skipting rekstrargjalda. Bráðabirgðaniðurstöður gera ráð fyrir 19,7 millj. kr. afgangi en þar hefur ekki verið tekið tillit til afskrifta. Ljóst er þó að afkoman er mun betri en reiknað var með og er það ekki síst að þakka ströngu aðhaldi á síðasta ársfjórðungi 2008.



STARFSMENN

Fjöldi starfsmanna er talsvert breytilegur því á vetraropnunartíma eru ávallt ráðnir starfsmenn

tímabundið til að sinna kvöld- og helgarvöktum. Í árslok unnu 94 starfsmenn hjá safninu í 82,98 stöðugildum. Fækkað hefur um fjóra frá áramótum 2007 en ársverkum fjölgaði um 0,43. Þó nokkrir starfsmenn vinna á fleiri en einu sviði. Konur eru í miklum meirihluta, þ.e. 67%. Í árslok var meðalaldur starfsmanna 48 ár og hefur lækkað um eitt ár frá 2007. Meðalaldur kvenna var 49,0 ár og meðalaldur karla 45,9 ár. Aldursskipting starfsfólks er svipuð og undanfarin ár (sjá töflu á næstu bls.). Alls hættu 14 starfsmenn á árinu, þ.a. fimm vegna aldurs, fimm af öðrum ástæðum og fjórir námsmenn voru á tímabundnum ráðningarsamningum. Eiginleg starfsmannavelta var því 5,3%.

MENNTUN OG STÖÐUGILDI

Í töflunni er yfirlit yfir fjölda ársverka og starfsmanna en samanburð milli ára er að finna í töflu á bls. 40.



VEIKINDAFJARVISTIR

Í apríl 2008 var skipt um viðverukerfi og því eru tölur yfir fjarvistaskráningar vegna veikinda 2008 ómarktækar.

FRÆÐSLA

Árið 2008 voru haldin 7 innanhúss námskeið fyrir starfsfólk. Alls voru þátttakendur 246 og 356 vinnustundum var varið til fræðslunnar. Fræðslufundir eru gjarnan vel sóttir en þá segir starfsfólk frá rannsóknarleyfum sínum eða kynnir viðfangsefni sinna deilda. Þekkingarmiðlun sá um að þjálfar safnráð í framkvæmd starfsmannasamtala og Vinnueftirlitið hélt stuttan fyrirlestur um einelti á vinnustað. Nýtt viðverukerfi, VinnuStund, var tekið í notkun í apríl 2008 og voru haldin þrjú tölvunámskeið til að kenna á kerfið. Loks var Tölvu- og verkfræðipjónustan fengin til að segja frá helstu breytingum og nýjungum í Office 2007 forritunum.

VEFSTJÓRN

Ritstjórn vefja safnsins fluttist til rekstrarsviðs í ársbyrjun. Hafin var endurskoðun allra vefja safnsins með það í huga að samræma tengingar og útlit þeirra og tryggja samræmi í virkni og aðgengi fatlaðra. Markmiðið er að auka og bæta notkun þeirra vefja sem safnið rekur. Unnin var þarfagreining og ákveðið var að innleiða nýtt vefumsjónarkerfi. Fenginn var hönnuður til að hanna nýtt útlit á aðalvef safnsins sem hægt yrði að styðjast við fyrir aðra vefi þess. Fyrsti vefurinn með endurskoðuðu útliti og virkni var Inngangur – innri vefur safnsins. Næstur var Tímarit.is, en ný útgáfa hans leit dagsins ljós 1. desember og vakti mikla athygli. Vinna við aðalvef safnsins hélt áfram samhliða og ný útgáfa hans er væntanleg í mars 2009.

TÖLVUREKSTUR

Hlutverk einingarinnar er að sjá um að tölvur, netþjónar og netbúnaður safnsins sé í góðu lagi svo ekki verði truflun á starfssemi þess. Áfram var unnið að því að bæta umsjónarkerfi og stýringu tölvubúnaðar og því er nú miðlægt hægt að fylgjast með öllum tölvum safnsins. Ef eitthvað bjátar á sendir búnaðurinn skilaboð til umsjónarmanns. Þörf fyrir diskarými eykst stöðugt einkum vegna vefsöfnunar og stafrænnar endurgerðar safnefnis og var þremur 4 terabæta diskastæðum bætt við. Geymslurými er nú um 27 terabæt. Til að auka gagnaöryggi var samið við SKÝRR um hýsingu á afrituðum (spegluðum) gögnum sem vistuð eru á seguldiskum. Ýmis búnaður var endurnýjaður m.a í Reykholti en þar var komið á ADSL tengingu og

hússtjórnartölva endurnýjuð til að hægt væri að stjórna kerfinu frá Reykjavík. Allar starfsmanna-tölvur (rúmlega 100) voru endurnýjaðar ásamt tölvubúnaði fyrir myndastofu.

UPPLÝSINGATÆKNIHÓPUR

Upplýsingatæknihópur greinir, þróar og innleiðir upplýsingatækniverkefni í safninu í samvinnu við aðrar starfseiningar. Verkefnin eru ýmist þróuð innan safnsins eða unnin í samvinnu við erlenda aðila. Unnið var að fjölmörgum verkefnum á árinu – sum eru ný en önnur hafa verið í vinnslu nokkurn tíma. Það er eðli verkefnanna að vinnu við þau lýkur ekki fyrr en þau eru lögð af, því eftir innleiðingu hefst viðhald og oft þarf að gera breytingar eða bæta við nýjum verkþáttum.

Vefsöfnun

Vefsafnanir gengu vel á árinu en framkvæmd þeirra er komin í fastar skorður. Gerðar voru þrjár heildar-safnanir á íslenska þjóðarléninu (.is) og ná þær nú til rúmlega 20 þúsund léna. Fyrstu tvær safnanirnar voru keimlíkar söfnunum fyrri ára en sú síðasta talsvert yfirgripsmeiri vegna ölduróts í þjóðfélaginu undir lok 2008. Sérstök áhersla var lögð á efni tengt þjóðfélagsumræðu, t.d. blogg en áður hefur ekki verið sérstaklega hugað að því. Að auki var listi yfir íslenskt efni utan .is endurskoðaður og nokkuð magn bættist þar við. Gerði þetta að verkum að yfir tvöfalt fleiri skjöl söfnuðust í þessari síðustu söfnun ársins en alla jafnan. Vikulegar safnanir ná til um 40 sérvalinna vefja sem valdir eru af starfsmönnum skylduskila m.t.t. að þeir innihaldi augljóslega menningar-, fréttar- eða þjóðfélagstengt efni og að vefirnir séu uppfærðir ört. Á árinu safnaðist um hálf milljón skjala af þessum vefjum. Engin atburðasöfnun var gerð.

Á árinu var gerð tilraun með uppsetningu hugbúnaðar til að gera vefsafnið aðgengilegt og kom sérfræðingur frá Internet Archive til að aðstoða við þá tilraun. Gekk hún vel en ljóst er að hugbúnaðurinn er enn í örri þróun og það kostar verulega vinnu að gera vefsafnið aðgengilegt þannig að vel fari á. Áfram verður unnið að prófunum á hugbúnaðinum með það að markmiði að gera a.m.k. hluta vefsafnsins aðgengilegan almenningi.

Tímarit og blöð

Vefurinn tímarit.is var endurnýjaður og opnaður þann 1. desember á afmælishátíð safnsins. Ný vefurinn býður upp á mun hreinlegra viðmót en það eldra og betra leitarkerfi. Ákveðið var að birta efnið sem PDF skjöl í stað DjVu skjala sem krefjast sérstaks forrits í vafranum og verður öllum skjölum varpað í PDF snið á árinu 2009. Einnig var byrjað

að taka við PDF skjölum beint frá útgefendum og í lok ársins var búið að taka við fjórum árgöngum af Morgunblaðinu sem Árvakur hf lét safninu í té.

Ný myndvinnslulína

Unnið hefur verið að endurnýjun myndvinnslulínu safnsins í nokkur ár og lauk þeirri vinnu í byrjun sumars. Þá var ákveðið að framleiða PDF skrár í stað DjVu skráa þar sem ljóst var að DjVu skráarsniðið hefur runnið sitt skeið. Tafði þetta innleiðingu nýju myndvinnslulínunnar en um mitt sumar var hún tekin í notkun á myndastofu safnsins í Reykjavík og í október á Akureyri. Það tókst mjög vel en auk tímarita og blaða verður hægt að mynda handrit og bækur í nýju línunni.

Evrópuverkefni

Safnið tók beinan þátt í þremur evrópskum samstarfsverkefnum, þ.e. Stafræna Evrópusafninu (European Digital Library Project), TELplus og Enrich. Hlutverk upplýsingatæknihóps í hverju þeirra er að skapa, útfæra og/eða innleiða nauðsynlegar tæknilausnir til að uppfylla skuldbindingar safnsins í þeim. Verkefninu Stafræna Evrópubókasafnið lauk í febrúarlök en hinum lýkur í árslok 2009.

Sagnanetið – Handrit.is

Sagnanetið er vefur sem geymir stafræna endurgerð ýmissa handrita. Verkefnið á sér langa sögu, en vinna við það hófst 1996. Ljóst hefur verið í nokkurn tíma að sú tækni sem notuð er við Sagnanetið er úr sér gengin og að nauðsynlegt er að uppfæra kerfið. Hefur verið litið á Handrit.is sem arftaka Sagnanetsins en í kafla um handritadeild á bls. 22 er umfjöllun um það.

KYNNING OG SÝNINGAR

Hlutverk einingarinnar er að sjá um kynningar, sýningar og útgáfumál safnsins en alls voru haldnar 15 sýningar, stórar og smáar í safninu.

Gerður var nýr kynningarbæklingur fyrir safnið, bæði á íslensku og ensku. Á Bókasafnsdeginum, 16. september, var safnið kynnt háskólanemum.

SÝNINGAR

För hersins – ljósmynda- og gjörningasýning

Þetta var gestasýning Sólveigar Dagmarar Þórisdóttur, nema í hagnýtri menningarmiðlun við HÍ og stóð frá 11. janúar til 29. febrúar og var henni ætlað að varpa ljósi á merkan þátt í íslensku þjóðlífi. Sýningargestum var boðið að tjá sig á striga um veru og för hersins.

Gunnar Gunnarsson og Danmörk

Sýningunni var ætlað að varpa ljósi á hið ótrúlega ævintýri sem líf Gunnars var. Menntamálaráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, opnaði sýninguna miðvikudaginn 5. mars og stóð hún til 13. maí. Upphaflega var sýningin sett upp á Skriðuklaustri árið 2007 er 100 ár voru liðin frá því að Gunnar hélt utan sem fátækur sveitastrákur. Valin voru sex ár af fyrstu 50 æviárum Gunnars sem ýmist mörkuðu skil í lífi hans eða voru einstaklega viðburðarík. Við opnunina flutti Jón Yngvi Jóhannsson, stutt erindi um óbirta sögulega skáldsögu. Þá afhentu erfingjar skáldsins Landsbókasafni síðustu gögn frá fjölskyldunni til varðveislu í handritadeild safnsins.

Bookspace

Í mars var sett upp á 4. hæð safnsins sýningin *Bookspace* eftir Elínu Hansdóttur myndlistarmann og stóð hún fram á haust. Þetta er verk í vinnslu og samanstendur af 1000 bókum með auðum síðum sem gestir safnsins gátu fengið lánaðar heim og í þær mátti skrifa, teikna, líma o.s.frv. Ætlunin er að þær ferðist um Ísland næstu tvö árin og haldi síðan út í heim ásamt 1000 öðrum bókum sem þegar hafa verið lánaðar út í þremur bókasöfnum í Þýskalandi. Hugmyndin er að bækurnar haldi áfram að ferðast um Evrópu næstu 10-15 árin.

Hagþenkir

Þann 21. mars var afhent viðurkenning Hagþenkis til höfunda fræðiritra og kennslugagna og var sett upp lítil sýning í tilefni af því.

Haraldur Sigurðsson - hundrað ára minning

Í minningu aldarafmælis Haralds Sigurðssonar bókavarðar var í maí sett upp lítil sýning í forsal þjóðdeildar. Sýningin endurspeglar aðallega framlag Haraldar til rannsókna á kortasögu landsins en einnig var reynt að gera öðru ævistarfi hans skil.

Sigfús Daðason skáld

Þann 20. maí 2008 hefði Sigfús Daðason skáld orðið áttræður hefði honum enst aldur. Af því tilefni var haldin Sigfúsarhátíð í safninu 17. maí þar sem ekkja Sigfúsar, Guðný Ýr Jónsdóttir, afhenti landsbókaverði handrit og skjöl úr eigu hans og jafnframt var opnuð sýning á handritum, bókum og munum sem hann átti. Sýningin stóð til 15. júlí 2008.

Neftóbaksfræði

Þann 10. maí efndu Reykjavíkur Akadémía, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum á Íslandi í samstarfi við ORG ættfræðipjónustuna ehf til málþings um neftóbaksfræði í Landsbókasafni. Neftóbaksfræði var um hríð hálfgerð skammaryrði

um margvísar fræðaiðju sjálfmenntaðra alþýðu-fræðimanna.

„Að vita meira og meira“ – Brot úr sögu almenningsfræðslu á Íslandi

Í tilefni af 100 ára afmæli Kennaraskóla Íslands og fyrstu fræðslulaganna var frá 23. maí - 31. ágúst haldin sýning sem veitti innsýn í skólastarf, menntun og þróun kennarastéttarinnar og áhrif hennar á daglegt líf og samfélag. Kennaraháskóli Íslands, Kennarasamband Íslands og Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn stóðu sameiginlega að sýningunni.

Handverk og hefðir – japönsk nytjalist

Frá 6. september til 5. október var haldin sýning á munum sem gerðir eru af samtíma listafólki úr hefðbundnum japönskum efnivið með hefðbundinni japanskri tækni sem hefur þróast öldum saman í öllum héruðum Japans. Japanska sendiráðið á Íslandi og Japan Foundation stóðu fyrir sýningunni í samvinnu við Landsbókasafn.

Skáldið Steinn Steinarr

Steinn Steinarr skáld hefði orðið hundrað ára 13. október 2008. Af því tilefni opnuð sýning í safninu og Aðalsteinn Garðarsson afhenti, fyrir hönd fjölskyldu Steins og Ásthildar konu hans, landsbókaverði handrit, bréf og bækur úr fórum Steins. Við þá athöfn fór fram verðlaunaafhending í ljóðasamkeppni fyrir þrjá elstu bekki grunnskóla og afhenti Þórarinn Eldjárn sigurvegurunum verðlaunin. Ljóðasamkeppnin var haldin á vegum Íslenskrar málnefndar og Samtaka móður-málskennara.

Konráð Gíslason málfræðingur

Í tilefni af því að í júlí 2008 voru liðin 200 ár frá fæðingu Konráðs Gíslasonar málfræðings og Fjölnismanns efndu Íslenska málfræðifélagið og Málvísindastofa Háskóla Íslands til málþings í Landsbókasafni laugardaginn 11. október um ævi og störf Konráðs og fræðileg viðfangsefni honum tengd. – Nokkur rit eftir Konráð voru sett í tvö sýningarpúlt ráðstefnugestum til fróðleiks og gamans.

Sauðskinn, saffían og shirtingur

Þann 16. október var í tilefni af hundrað ára sögu bókbandsstofu Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns opnuð sýning þar sem stiklað var á stóru í sögu bókbandsstofu safnsins. Nafn sýningarinnar er dregið af þremur tegundum þess efniviðar sem notaður hefur verið við bókbönd í gegnum tíðina. Í tilefni af afmælinu efndi safnið einnig til hádegisfyrirlestra í október og nóvember. Sýningin stóð út árið.

Öldungadeild Skýrslutæknifélags Íslands

Í tilefni af 40 ára afmæli félagsins stóð það fyrir sýningu á eldri tölvubúnaði í safninu frá 30. október til 30. nóvember. Sýndur var búnaður frá því um 1978 – 1998. Tölvurnar sem voru á sýningunni eru dæmi um vélar frá IBM sem voru algengar á tímabilinu.

Trúmaður á tímamótum – Haraldur Níelsson

Þann 30. nóvember var opnuð sýning í tilefni af því að 140 ár voru liðin frá fæðingu Haralds Níelssonar prófessors í guðfræði við Háskóla Íslands og öld liðin frá útkomu þýðingar hans á Gamla testamentinu. Á opunardegi sýningarinnar var haldið málþing þar sem sonur hans, Jónas Haralz fyrrverandi bankastjóri, talaði um föður sinn og einnig héldu erindi þau Erlendur Haraldsson, Gunnar Kristjánsson, Gunnlaugur A. Jónsson, Helga Kress og Pétur Pétursson.

Jólahefðir

Að vanda var haldin sýning á jólaefni sem varðveitt er í Þjóðdeild og stóð hún frá 28. nóvember til 6. janúar 2009. Áhersla var lögð á jólasveinafjölskylduna, jólaauglýsingar, jólakort og fleira. Þar mátti m.a. sjá mismunandi sýn íslenskra teiknara og skálda á Grýlu og jólasveinana sem birtist í ljóðum þeirra og teikningum.

Tón- og myndsafn

Í vikunni fyrir jól var sett upp sýning sem er eins konar kynning á tón- og myndsafninu og stóð hún fram yfir áramót. Þar voru m.a. sýnd auglýsinga-spjöld, plötuúmslög, geisladiskar og hefti með dægurlagatextum.

REKSTUR HÚSS OG LÓÐAR

Hússtjórn sér um viðhald og rekstur húsnæðis safnsins, þ.e. Þjóðarboóklöðunnar, varaeintaka-safns í Reykholti og geymslusafns í Mjódd, annast samskipti við þjónustuverktaka, vöktun og ýmsa þjónustu við starfsmenn svo sem ljósrítun og umsjón með ljósrítunarvélum og prenturum.

FRAMKVÆMDIR

Aðgangs- og öryggiskerfi hússins ásamt eftirlitskerfi og ljósastryringu voru endurnýjuð á árinu. Miklar tafir urðu á framkvæmdum en samkvæmt samningi áttu verklok að vera 1. apríl 2008 en þeim lauk ekki fyrr en í desember. Skipt var um ýmsan búnað í loftræsikerfum, einkum hitagjafa og legur í blásurum. Starfsmenn hússtjórnar sáu um að setja upp nýjar fellihurðir í afgreiðslum á 3. og 4. hæð og viðbætur og endurnýjun á ýmsum búnaði safnsins. M.a. var skipt um áklæði á skrifstofustólum, smíðuð vinnuborð, settar glerhurðir fyrir hillur á 3. hæð og tveimur hillurekkum bætt við á 4. hæð.

ÞRIF

Ræsting var að mestu með hefðbundnum hætti en endurnýjun á samningi við verktaka leiddi til sparnaðar.

ÝMISLEGT

Að vanda var fyrsta starfsdegi ársins varið í prófun öryggiskerfa og búnaðar sem tengist þeim. Þann 11. mars var haldinn brunaæfing í húsinu og húsið rýmt. Æfingin tókst vel en henni var stjórnað af starfsmanni Landssambands slökkviliðsmanna.

GEYMSLUSAFN Í MJÓDD

Engar viðamiklar breytingar eða framkvæmdir voru á árinu.

VARAEINTAKASAFN Í REYKHOLTI

Ýmsar endurbætur voru gerðar á húsnæðinu, m.a. voru settar eldtraustar hurðir á bóka-geymslur á fyrstu og annarri hæð og skipt um vatnslögn frá inntaki að rakatæki í loftræsikerfi. Lokið var uppsetningu á nettengingu hússtjórnartölvu, sem gerir kleift að fylgjast með loftræsikerfi frá Þjóðar-boóklöðunni. Nýr lyftari var keyptur, sem gerir starfsmanni mögulegt að fara með vörubretti upp á hæðir.



Úr handritinu ÍBR 108 4to, bl. 9r.



Úr handritinu ÍBR 6 4to, bl. 123v.

VARÐVEISLUSVIÐ

Varðveislusvið ber ábyrgð á söfnun og varðveislu íslensks safnkosts, þ.e. handritum sem ekki eru hluti af íslenskri stjórnsýslu og öllu útgefnu íslensku efni nema kvikmyndum og útvarps- og sjónvarpsefni. Veita skal eins greiðan aðgang að þessu efni og unnt er og hefur sviðið umsjón með skráningu gagnanna, útlánnum á lestrarsal, ásamt annarri þjónustu við þá safngesti sem nota safnkostinn. Sviðið skiptist í handritadeild og þjóðdeild og í lok ársins voru starfsmenn sviðsins alls 42 en ársverk voru 36,12. Auk sviðsstjóra voru í handritadeild 6 starfsmenn í 6,00 ársverkum, og í þjóðdeild voru 35 starfsmenn í 29,12 ársverkum.

HANDRITADEILD

Meginhlutverk handritadeildar er að annast söfnun, varðveislu, skráningu og rannsóknir íslenskra handrita sem ekki heyra undir lögbundin skylduskil til Þjóðskjalasafns Íslands eða héraðsskjalasafna. Í vörslu deildarinnar er langstærsta safn íslenskra pappírshandrita frá síðari öldum (16. öld til 20. aldar), eða 13.603 handrit sem hafa verið fullskráð og fengið safnmark og um tvö þúsund einingar sem bíða fullnaðarskráningar. Þar af eru fimm skinnhandrit og rúmlega 100 skinnblöð frá fyrri öldum. Samtals er efni handritadeildar að umfangi 425 hillumetrar, 7.988 öskjur og 604 kassar. Deildin sér til þess að sem tryggilegast sé búið um þennan safnkost og auðveldar notkun hans, m.a. með útgáfu handritaskráa og með því að færa handrit á aðra miðla eftir þörfum. Jafnframt annast deildin þjónustu við safngesti og kynningu á handritum. Umsjón með sýningum í safninu og útgáfu á vegum safnsins fluttist í byrjun árs til rekstrarsviðs.

AÐFÖNG

Aðföng voru í meðallagi og dreifðust jafnt yfir árið en 41 sinnum fór fram afhending handrita og skjala til eignar og varðveislun í handritadeild. Kennir þar ýmissa grasa. Hæst ber líklega afhendingu á gögnum skáldanna Sigfúsar Daðasonar og Steins Steinars. Í safni Sigfúsar er m.a. að finna handrit hans að eigin ljóðum. Í gögnum Steins, sem er viðbót við áður komin gögn, er handritið *Dvalið hjá djúpu vatni* sem er frumgerð *Tímans og vatnsins*. Þá voru deildinni afhent rímnakver, kvæðakver, sendibréf, vinnugögn frá útgáfum og margt fleira. Margir sem höfðu áður komið með gögn bættu við þau.

LEIÐARVÍSA YFIR SKJALA- OG HANDRITASÖFN BIRTIR Á VEF

Byrjað var að birta á vef safnsins leiðarvísa yfir skjala- og handritasöfn einstaklinga og félaga. Þetta er viðbót við prentaðar skrár. Við frágang safnanna og framsetningu á leiðarvísunum er fylgt ISAD(G) staðlinum og öllum gögnum sem hægt er að kenna við einn skjalamyndara er komið fyrir á einum stað undir einu safnmarki. Þetta safn hefur fengið einkennisstafina NF sem stendur fyrir nýr flokkur. Dæmi er Lbs 5 NF, safn Erlends Guðmundssonar í Unuhúsi, bréfa- og skjalasafn sem hefur að geyma öll gögn hans frá árunum 1875–1947.

NAFNA- OG EFNISKRÁR GERÐAR AÐGENGILEGAR

Á síðasta ári var veittur aðgangur á vef safnsins að prentuðum handritaskrá og í árinu bættust við tvær skrár: Nafnaskrá (959 bls.) og Efnisskrá (944 bls.). Þá voru jafnframt birt drög að skrá yfir bréfasöfn í vörslu deildarinnar.

AFRITUN

Þegar gestir óska eftir afritum fá þeir afhentar gegn gjaldi stafrænar myndir á geisladiskum. Handritin má síðar gera aðgengileg á neti. Á árinu voru myndað 13 handrit, samtals 4.066 blaðsíður.

SAMSTARFSVERKEFNI

Handritadeild tekur ásamt upplýsingatæknihóp þátt í evrópu verkefninu ENRICH. Skammstöfunin stendur fyrir European Networking Resources and Information concerning Cultural Heritage eða Evrópskar net- og upplýsingaveitur um menningar-arfleifð. Tilgangurinn er að gera notendum aðgengilegar frá einum stað á netinu upplýsingar um handrit, prentaðar bækur, skjöl og stafrænar myndir. Til þess þurfa þátttakendur í verkefninu að búa til lýsigögn yfir skráningarfærslur handrita og stafrænar myndir. Þessar upplýsingar og stafræn gögn verða gerð aðgengileg í sameiginlegu gagnasafni. Skyld þessu verkefni er endurhögun og endurgerð Sagnanetsins og komst sú vinna á fullt skrið á árinu. Vinna við skráningu og lýsingu handrita, sem verður skv. TEI P5 staðlinum, er unnin í samstarfi við Árnastofnanirnar og er höfuðmarkmiðið samskrá yfir handrit í vörslu stofnanna. Þar leggja söfnin til skráningarfærslur fyrir öll sín handrit og skjöl og búið verður til eitt sameiginlegt myndasafn fyrir söfnin. Þetta verður aðgengilegt á vefslóðinni www.handrit.is.

ALÞJÓÐLEGT NÁMSKEIÐ Í HANDRITAFRÆÐUM

Dagana 9.–16. ágúst 2008 var haldið á vegum Den Arnamagnæanske Samling, í samvinnu við safnið og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum færdum, Fimmta alþjóðlega námskeiðið í handritafræðum. Starfsmaður handritadeildar tók þátt í kennslu.

KYNNING

Í hefti *Sögu* (2008) er kynning á handritadeild undir liðnum „Úr skjalaskápnunum“. Þetta er nýr liður í tímaritinu þar sem handrita- og skjalasöfn landsins eru kynnt og sagt frá áhugaverðum bréfum eða gögnum úr fórum þeirra.



Úr handritinu ÍBR 12 4to, bl. 156r.

ÞJÓÐDEILD

Meginhlutverk þjóðdeildar er að þaulsafna gögnum útgefnum á Íslandi í prentuðu formi eða á öðrum miðlum, skrá þau, búa í hendur notendum og varðveita handa komandi kynslóðum, svo og að afla hliðstæðra gagna sem gefin eru út erlendis og varða Ísland og Íslendinga. Starfsemi deildarinnar fer fram innan sex eininga sem eru: skylduskil, skráning, lyklu og flokkun íslensks efnis, þjónusta og umönnun efnis, sérsöfn, bókband og forvarsla og myndastofa.

SKYLDUSKIL

Í skylduskilum er unnið að móttöku, innheimtu og ráðstöfun nýrra íslenskra rita samkvæmt lögum um skylduskil. Ennfremur er unnið að frágangi og innskráningu þessa efnis og eldra efnis sem berst og reynt að fylla inn í það sem á vantar. Hlutverk skylduskila er einnig að velja þá aðila sem vikulegar vefsafnanir og vefsafnanir vegna sérstakra atburða ná til.

Unnið var því að leysa þau forgangsverkefni sem sett voru fram í verkefnaáætlun varðveislusviðs á árinu og því næsta á undan og ná fram þeim markmiðum sem þar eru tilgreind. Ber þar helst að nefna átaksverkefni um tengingu og frágang blaða í

kjallara og tímarita á vinnusvæði skylduskila. Mest er um er að ræða eldra efni og óheilt sem hefur orðið útundan. Frá áramótum 2005 hefur allt efni sem borist hefur í skylduskilum verið skráð jafn-óðum í Gegni.

Einnig var unnið að því að skipuleggja móttöku, söfnun og meðferð stafrænna gagna sem berast utan vefsöfnunar. Ýmsar stofnanir hafa verið með fyrirspurnir um hvernig þau geti farið að með sitt stafræna efni og ýmis vafamál hafa sprottið upp varðandi skráningu þessa efnis í Gegni.

Fjöldi skráðra bóka á árinu er aðeins hærri en 2007 en tímaritaheftum og tölublöðum dagblaða fækkaði, sbr. töflu á bls. 39.

RITAKAUP OG GJAFIR

Þjóðdeild ber að hafa uppi á efni sem gefið er út erlendis og varðar Ísland og Íslendinga og afla þess. Á það bæði við um prent og annað útgefið efni. Reynt er að fylla í eyður og nú sem endranær var unnið úr gjöfum sem borist hafa.

Ýmsir hafa orðið til að gefa safninu rit, bæði bækur og blöð, s.s. Einar G. Pétursson, Evlalía S. Kristjánsdóttir, Ingibjörg S. Gísladóttir, Jóhannes Örn Óliversson, Ragnheiður Baldursdóttir og Ragnhildur Karlsdóttir.

ÞJÓNUSTA OG UMÖNNUN EFNIS

Þjónusta sem byggist á ritakosti þjóðdeildar og handritadeildar er veitt í forsal deildanna. Þar eru veittar upplýsingar og sótt prentuð rit og handrit fyrir notendur til afnota á lestrarsal. Haldin er skrá yfir rit sem finnast ekki – vantanaskrá. Bókminjasafn safnsins er í bókasal þjóðmenningarhúss og er þar föst sýning á völdum ritum í eigu safnsins. Þjóðdeild sér um og hefur eftirlit með ritum er þarna standa og skiptir út ritum ef ástæða þykir til. Unnið var að skráningu, umbúnaði og tengingu fágætra íslenskra rita útgefinna frá upphafi prentunar til 1700 og lauk því verki í lok ársins. Hefðbundin jólasýning var sett upp í desember í forsal þjóðdeildar. Þema sýningarinnar var jólasveinafjölskyldan. Á árinu var farið yfir gamalt efni og gjafir og tekin inn í kostinn rit ef þau höfðu ekki komið í skylduskilum, glatast eða þau vantað í varaeintök. Á árinu var unnið að skráningu doktora og lokaritgerða þeirra í doktorskrá (<http://doktor.bok.hi.is>).

VARAEINTAKASAFN

Varaeintakasafn þjóðdeildar er varðveitt í Reykholti og þar er unnið að frágangi bóka og annars efnis sem varðveita á. Auk þess skráir starfsmaður íslenskt tónlistarefni, bæði nótur og geisladiska.

ÍSLENSK SKRÁNING, LYKLUN OG FLOKKUN

Í íslenskri skráningu er skráð í Gegni efni sem berst í skylduskilum, þ.e. bækur og bæklingar, hljóðrit, myndefni, tölvugögn, tímarit og hljóðbækur. Ennfremur eru skráðar greinar úr tímaritum og bókum og efni gefið út erlendis sem varðar Ísland eða er eftir Íslendinga. Bókfræðileg stjórn Gegnis fer að öllu jöfnu fram í sérstökum nafnmyndagrunni til hliðar við bókfræðigrunn. Sú vinna er nær öll á hendi skrásetjara Landsbókasafns.

Á árinu var unnið að verkefni sem styrkt er af Landskerfi bókasafna en það felst í því að færa

efnisorð úr *Kerfisbundnum efnisorðalykli* og samþykktar breytingar efnisorðaráðs á honum inn í nafnmyndagrunn Gegnis. Verkefninu lýkur 2010. Unnið var að því í EDL verkefninu (European Digital Library) að gera Gegni leitarbæran á vefgátt Evrópubókasafnsins (The European Library). Í TEL plus verkefninu sem hófst í október 2007 var vefnum timarit.is varpað í lýsigagnasnið Dublin Core.

SÉRSÖFN

Sérsöfn eru starfrækt sem eining innan þjóðdeildar. Helstu verkefni ársins voru að ljúka stóru verkefni sem fólst í því að breyta staðsetningu ferðabókasafns Seðlabankans (um 2.500 bækur) í Gegni og í afturvirkri skráningu voru skráð flest öll Íslandskort safnsins frá upphafi til 1900. Í byrjun maí var sett upp sýning í forsal þjóðdeildar til að minnast aldarafmælis Haralds Sigurðssonar (1908-1995).

TÓN- OG MYNDSAFN

Tón- og myndsafr er eitt af sérsöfnum þjóðdeildar og er meginhlutverk þess að safna, varðveita, veita upplýsingar um og aðgang að öllum útgefnum íslenskum hljóðritum og útgefnu íslensku myndefni. Í tón- og myndsafni er aðstaða til að hlusta á hljóðrit og skoða myndefni sem notað er við kennslu í HÍ. Nýtt efni er skráð jafnóðum en einnig var unnið að afturvirkri skráningu á ýmsum gögnum einingarinnar og í árslok náði skráning á eldra efni, hljómplötum (LP) og snældum aftur til ársins 1985.

Á árinu var útbúinn upplýsingabæklingur á ensku um tón- og myndsafr og íslenski bæklingurinn endurskoðaður um leið. Einnig var á árinu sett upp á veraldarvefnum MySpace-síða fyrir tón- og myndsafr. Er henni ætlað að kynna safnið og skylduskilin meðal tónlistarfólks og auðvelda þannig söfnun hljóðrita, en með breyttri útgáfutækni er orðið mun algengara en áður að tónlistarmenn gefi sjálfir út tónlist sína. Í sama tilgangi var sett upp sýning á tónlistarefni úr tón- og myndsafni framan við fyrirlestrarsal þjóðarþóklöðu.

BÓKBAND OG FORVARSLA

Á viðgerðarstofu er unnið að forvörslu og viðgerðum á handritum og prentuðum ritum. Varðveislustjóri er einnig til ráðuneytis um og ber ábyrgð á viðhaldi, varðveislu og umbúnaði ritakosts í safninu. Síðastliðin ár hefur starfsemi bókbandsstofunnar tekið þeim breytingum að dregið hefur verulega úr bókbandi á nýjum ritum en vægi viðgerða og endurbands gamalla bóka úr eigu safnsins hefur aukist til muna. Á árinu var gert við nokkur illa slitin handrit og átak var hafið í að bæta

umbúnað annarra handrita. Áfram var unnið að könnun og skráningu á ástandi handrita af 8vo stærð sem bera safnmarkið Lbs.

Allnokkur undirbúningsvinna var unnin á bókbands- og viðgerðarstofum í aðdraganda sýningarinnar *Sauðskinn, saffían og shirtingur* – sem haldin var í tilefni aldarafmælis bókbandsstofu Landsbókasafns. Þar þar hæst viðgerð og endurband á *Kongeloven - Lex Regia* frá 1709, sem er fyrsta bókin sem skráð var í bókaskrá Landsbókasafns.

MYNDASTOFA

Í myndastofu er unnið að stafrænni endurgerð blaða, tímarita og annars efnis, myndatöku að beiðni notenda safnsins og vegna sýninga og ýmissa atburða. Dagblöð voru meginhluti íslenska efnisins sem myndað var á árinu. Auk myndatöku sem fram fer í myndastofu er myndavél í Amtsbókasafninu á Akureyri og er vinnan þar hliðstæð við vinnu í myndastofu og eru þar aðallega mynduð dagblöð. Á árinu 2008 voru myndaðar 407.260 blaðsíður í myndastofu Þjóðarbókhlöðu og 265.009 blaðsíður í Amtsbókasafninu.

Einingin tók þátt í þróun og prófunum á myndvinnslulínu safnsins



Úr handritinu ÍBR 13 4to, bl. 2r.

ÞJÓNUSTUSVIÐ

Þjónustusvið ber ábyrgð á allri almennri notendabjónustu fyrir háskólasamfélagið og aðra sem þurfa að nýta sér heimildir, bæði í prentuðu og rafrænu formi. Þjónustusvið annast sérhæfða upplýsingabjónustu og kennslu í upplýsingaleikni fyrir háskólanema, starfrækir námsbókasafn í tengslum við námskeið sem kennd eru við Háskóla Íslands og hefur umsjón með almennum lesrýmum og útibúum á háskólasvæðinu. Sviðið hefur umsjón með allri útlánastarfsemi, ritakosti á opnu rými og að sumu leyti í geymslum, sér um aðföng og skráningu erlendra bóka, tímarita og rafrænna gagna ásamt því að hafa umsjón með landsaðgangi að rafrænum gagnasöfnum og tímaritum samkvæmt þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið. Umsjón með vefnum landsbokasafn.is, færðist til rekstrarsviðs snemma á árinu. Sviðið skiptist í tvær deildir, upplýsingadeild og útlánadeild og hafa þær samvinnu um almenna notendabjónusta safnsins og skipta með sér verkum. Í lok ársins voru starfsmenn sviðsins alls 42, en ársverk voru 31,11. Auk sviðsstjóra voru í upplýsingadeild 16 starfsmenn í 11,95 stöðugildum og í útlánadeild voru 26 starfsmenn í 19,16 stöðugildum. Einn starfsmaður vinnur bæði í upplýsinga- og útlánadeild.

UPPLÝSINGADEILD

Upplýsingadeild ber ábyrgð á upplýsingabjónustu safnsins á 2. hæð, hefur umsjón með handbókasafni, annast notendafræðslu við háskólasamfélagið og aðra safngesti og sér til þess að notendur hafi sem bestan aðgang að prentuðum og rafrænum upplýsingum. Aðrir verkþættir deildarinnar eru tímaritahald, umsjón með ISBN og ISSN númerakerfum, umsjón útibúa og landsaðgangur að rafrænum gögnum.

UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA

Dagleg umsvif upplýsingaþjónustunnar voru svipuð og árið áður. Einstaklingsbundin leiðsögn um notkun rafrænna gagna, bæði í síma og á staðnum, hefur aukist talsvert en sú þjónusta hefur ekki verið talin sérstaklega. Af þeim 1984 bréfum sem bárust með tölvupósti voru 423 tekin til nánari úrvinnslu en 1311 var beint annað. Samtals voru ítarlegar fyrirsurnir í síma og á staðnum ásamt heimildaleitum gegn gjaldi 539.

NOTENDAFRÆÐSLA

Í upphafi vor- og haustmisseris voru kennarar Háskóla Íslands að venju hvattir til að panta safnkynningar fyrir nemendur sína og hefur myndast hefð fyrir slíkum kynningum í nokkrum deildum. Einnig var leitast við að kynna safnið á nýnema-kynningum deilda í upphafi haustmisseris. Í mars og nóvember var boðið upp á röð námskeiða, óháð námsbrautum, þar sem áhersla var lögð á verklegar æfingar í tölvuveri. Stundatafla og skráningareyðublöð voru sett á vef safnsins og námskeiðin auglýst á póstlistum. Í upphafi skólaárs var nýjum kennurum við HÍ einnig boðið á kynningu á þjónustu safnsins. Að öðru leyti voru safnkynningar með líku sniði og undanfarin ár, þ.e. frumkynningar fyrir nýnema einstakra deilda og framhaldskynningar fyrir þá sem lengra eru komnir. Nokkuð er um kynningar fyrir nemendur annarra skóla. Samtals voru haldnar 113 kynningar og skoðunarferðir um safnið og sóttu þær 2014 manns.

BÆKLINGAR

Til stuðnings notendafræðslunni voru gefnir út á vegum upplýsingadeildar tveir nýir bæklingar, ellefu voru uppfærðir og nokkrir endurprentaðir án breytinga. Bæklingum safnsins er dreift í safnkynningum og við önnur tækifæri eftir því sem tilefni er til. Auk þess liggja þeir frammi í útibúum og á öllum hæðum bókhöðunnar. Alls eru um 60 bæklingar safnsins aðgengilegir í PDF-sniði á vef safnsins auk annarra leiðarvísa um safngögn.

VEFIR SAFNSINS

Ritstjórn vefja safnsins fluttist í ársbyrjun til rekstrarsviðs. Upplýsingadeild hefur eftir sem áður bætt við nýju efni og uppfært eldri upplýsingar bæði á aðalvef og á vef Jónasar Hallgrímssonar.

AÐGANGUR AÐ STAFRÆNUM GÖGNUM

Aðgangur að stafrænum gögnum, tímaritum og gagnasöfnum, er ýmist á landsvísu eða bundinn við tölvur á háskólanetinu. Nokkuð bættist við af rafrænum útgáfum tímarita og bóka í sérskrift safnsins og Háskóla Íslands. Þar ber hæst aðgangur að tímaritinu Nature og JSTOR All Collections sem veitir aðgangur að heildartextum um 1200 tímarita frá upphafi útgáfu þeirra að undanskildum síðustu tveim til fimm árum. Í árslok 2008 var aðgangur að eftirfarandi gagna- og tímaritasöfnum ýmist í sérskrift safnsins eða sameiginlegur með einstökum deildum Háskóla Íslands:

CIO (Com Abstracts), *ELIN*, *Emerald*, *International Medieval Bibliography*, *JSTOR All Collections* og *Business Collections*, *Lexikon des Mittelalters*, *LISA*, *MathSciNet*, *MLA*, *PROLA*, *UN Treaty Collection*, *UNSTATS Common Database* og *Web Dewey*. Í félagi við aðra er aðgangur að: *ACM Portal*, *ASCE*, *EconLit*, *GeoRef*, *Compendex*, *MDCConsult*, *PsycArticles*, *Psychbooks* og *PsycInfo* í *OVID* og *SourceOECD*. Þar af eru *ASCE* og *Compendex* aðgengileg á landsvísu.

Erfitt er að fá tölur um heildarnotkun þessara gagna- og tímaritasafna því mörg þeirra eru opin og tölur ekki fáanlegar. Úr þeim tímaritasöfnum sem hægt er að fá tölur um var náð í um 18.300 greinar á árinu.

LANDSAÐGANGUR

Landsaðgangur að gagnasöfnum og stafrænum tímaritum er upplýsingaveita fyrir Ísland. Allir sem tengjast Netinu hjá íslenski netveitu og eru staddir á landinu, hvort sem það eru Íslendingar eða aðrir, hafa aðgangur að þeim gagnasöfnum og stafrænu tímaritum sem samningar um áskrift fyrir allt landið gilda um. Vefurinn hvar.is er aðalþjónustuleið landsaðgangsins en þar eru m.a. veittar upplýsingar um gagnasöfnin, aðgangur að þeim og samninga við útgefendur. Þar eru einnig ítarlegar ársskýrslur um starfsemina árið 2008. Samkvæmt þjónustusamningi við menntamála-ráðuneyti sér safnið um framkvæmd samninga um landsaðgang. Fimm manna stjórnarnefnd skipuð við hlið landsbókavardar sér um stefnu-mótun landsaðgangs, samþykkir fjárhagsáætlun og ákveður hvort taka eigi upp nýja samninga, endurnýja eldri eða fella þá niður. Hún ákveður einnig skiptingu greiðslna vegna landsaðgangs. Engar nýjar áskriftir að tímarita- eða gagna-söfnum voru fengnar á árinu en í lok árs 2007 var hætt við áskrift að ASME. Mikil skörun er á titlum í Ebsco Host og ProQuest við önnur tímaritasöfn. Í lok ársins var landsaðgangur að rúmlega 14.000 tímaritum í fullum texta. Kostnaður við áskriftir í var um 26,9 millj. kr. fyrir gagnasöfn og um 97,7 millj. kr. fyrir tímaritasöfn eða alls um 124,5 millj.

kr. Rekstrarkostnaður var um 12,0 millj. kr. en umsýsla með landssamningum samsvarar tveimur ársverkum í safninu. Framlag af fjárlögum til landsaðgangs var 36,0 millj. og var um 25,7 millj. kr. varið til greiðslu á aðgangi en framlag annarra greiðenda var um 98,8 millj. kr. Notkun tímaritasafnanna að greinasafni Morgunblaðsins undanskildu jókst um 3% á árinu og leitir í tilvísanasafninu Web of Science jukust um 3,5% frá árinu 2007.

Auk hinn eiginlega landsaðgangur er aðgangur á öllu landinu að nokkrum gagnasöfnum fyrir tilstilli aðila sem kosta þau. Greiðslur vegna þeirra eru ekki tekinn með í tölum um kostnað við landsaðgang og það sama á við um tölur um notkun

Nánari upplýsingar er að finna á vefnum hvar.is

ÚTIBÚ

Safnið starfrækir allmörg útibú í þágu Háskóla Íslands. Þau eru flest á háskólalóðinni eða í næsta nágrenni hennar. Í sumum útibúum er veitt þjónusta tiltekinn tíma dag hvern. Í öðrum er um að ræða umsjón sem felst í reglubundnum eftirlitsferðum einu sinni til tvisvar í viku eða sjaldnar. Sú meginstefna hefur verið mörkuð að útibúin verði handbókasöfn og ritakostur þar ekki til útláns. Þau skulu einkum þjóna kennurum og sérfræðingum en stúdentum verði fremur beint í þjóðarþóðhlöðu.

Aðalbygging HÍ. Guðfræðideildarstofa er handbókasafn kennara og nemenda í guðfræði.

Askja. Tímarit og uppsláttarrit í jarðfræði, landafræði og líffræði.

Árnagarður. Lokuð bókastofa hugvísindadeildar á 3. hæð ætluð kennurum og nemendum í meistara- eða doktorsnámi í íslenskum fræðum.

Hagi við Hofsvallagötu. Bókastofa lyfjafræðideildar er handbókasafn kennara og nemenda í lyfjafræði og handbókasafn starfsmanna Rannsóknarstofu í lyfjafræði.

Lögberg. Bókasafn lagadeildar í Lögbergi.

Norræna húsið. Bókasöfn sem tengjast kennslu í norrænum tungumálum eru til húsa á skrifstofum viðkomandi lektors (danska, finnska, norska og sænska) í Norræna húsinu.

Nýi Garður. Bókastofa enskukennslu á 2. hæð er handbókasafn kennara og nemenda í enskuskor. Bókastofa Hugvísindastofnunar á 3. hæð er lokað handbókasafn kennara í hugvísindadeild.

Raunvísindastofnun Háskólans. Handbóka- og tímaritasafn starfsmanna stofnunarinnar.

Verkfræði- og raunvísindadeild. Bækur og tímarit á sviði verkfræði og raunvísinda.

VR-III Handbóka- og tímaritasafn kennara í raunvísindum.

TÍMARITAHALD

Tímaritahald sér um innkaup og umsýslu tímarita fyrir HÍ. Ákvörðun um hvaða efni er keypt er að mestu hjá kennurum HÍ og miðast við það fé sem einstakar deildir ákveða til ritakaupa (sjá bls. 32). Aðgangur að tímaritaefni, hvort sem er fyrir háskólasvæðið eingöngu eða landið í heild, eykst stöðugt vegna samninga við útgefendur, og í nokkrum tilvikum fræðafélög, um kaup á mörgum tímaritum í einu. Á árinu var samið um rafrænan aðgang fyrir háskólasvæðið að tímaritinu Nature og gagnasafninu JSTOR All Collection. Alls voru á árinu 2008 greiddar 491 áskriftir fyrir ritakaupafé HÍ og 370 áskriftir fyrir ritakaupafé safnsins. Að auki koma mörg tímarit að gjöf eða í ritaskiptum. Safnið tekur þátt í kostnaði við Landsaðgang og greiddi um 3,1 millj. kr. á árinu, þ.a. um 0,8 millj. kr. vegna gagnasafna og um 2,3 millj. kr. vegna tímaritasafna.

SKRÁR UM TÍMARIT

Tímaritaskrá A-Ö heldur er notuð til að hafa umsjón með tímaritaáskriftum safnsins og um vef safnsins er aðgangur að rúmlega 20 þúsund titlum í skránni. Annars vegar er um að ræða erlend tímarit í landsaðgangi, rúmlega 14 þús. titlar, og séráskriftir safnsins ásamt fjölda rítrýndra tímarita sem eru öllum opin, um 9.200 titlar. Hins vegar eru í skránni stafræn íslensk rit, einkum þau sem eru í tímarit.is, og upplýsingar um prentuð tímarit, þ.e. áskriftir safnsins frá og með árinu 2004, ásamt krækjum í efnisyfirlit þeirra og í Gegni með nánari upplýsingum. Í nýrri útgáfu kerfisins sem tekin var í notkun á árinu birtast nú RSS hnappar og krækjur við *Journal Citation Report* (JCR), þegar það á við, en JCR veitir upplýsingar um áhrifastuðul tiltekinna fræðitímarita. Uppflettingar í tímaritaskránni voru samtals 44.661 miðað við 33.836 árið 2007. Þar af voru 15.906 tengingar í *Tour Resolver* en það kerfi tengir leitarniðurstöðu við tímaritsgrein hjá útgefanda.

Leitarkerfið *Searcher/analyzer* frá TDnet hefur verið í notkun frá árinu 2006. Það gerir kleift að leita samtímis í fleiri en einu gagnasafni, svonefnd samleit. Ný og mikið endurbætt útgáfa var tekin í notkun á árinu.

SAMSKRÁ UM ERLEND TÍMARIT

Á árinu var ákveðið að leggja norrænu samskrána NOSP niður.

ALÞJÓÐLEGT BÓKNÚMER ISBN

Sótt var um ný númer til alþjóðaskrifstofu ISBN í janúar 2008 þar sem númerabirgðir voru orðnar af skorum skammti. Nýja númeraskammtinum fylgdi ný landstala Íslands, 9935. Enn er verið að klára gömlu númerin með landstölunni 9979 en nokkuð er eftir af tíu númera röðum og stökum númerum.

Fjöldi nýrra forlagsraða var 74 og er fjöldi íslenskra forlagsraða frá upphafi 1.016. Til einstaklinga var úthlutað 178 ISBN númerum og er heildarfjöldi stakra númera frá upphafi 1.557. Heildarskrá yfir íslenska útgefendur var uppfærð og send til alþjóðaskrifstofu ISBN í júní 2008 og inniheldur hún 1068 færslur.

ALÞJÓÐLEGT TÍMARITSNÚMER ISSN

Nýr staðall, ISSN-L, tók gildi á árinu og var þá tekin upp ný útgáfa af umsjónarkerfinu Virtua-client. Á árinu var úthlutað 41 ISSN númeri.

Heildarfjöldi íslenskra skráningarfærslna í ISSN skránni í árslok 2007 var 1358

MILLISAFNALÁN

Heildarfjöldi beiðna var 4.212 og af þeim voru afgreiddar 3.991 eða 94,75%. Úr ritakosti safnsins voru samtals afgreidd 1.541 gögn. 643 greinar voru sendar úr safninu til annarra bókasafna, þar af 440 til innlendra og 203 til erlendra safna. Auk þess afgreiddi deildin 239 greinar til starfsmanna HÍ, nemenda í HÍ og almennra lánþega. 659 bækur voru sendar úr ritakosti safnsins til annarra safna, 623 til innlendra safna, en 36 til bækur fóru til erlendra safna. Auk þess útvegaði safnið erlendum söfnum 3 bækur frá öðrum íslenskum bókasöfnum.

Til safnsins bárust alls 2.450 gögn frá öðrum söfnum. Þau skiptast þannig að 1.388 greinar bárust, einkum í samvinnu við NORDKVIK bókasöfnin og Subito í Þýskalandi (63%). Greinar sem bárust ókeypis til safnsins voru 515 (37%) allra aðfenginna greina. Bækur sem bárust frá öðrum söfnum voru alls 1.062 talsins, flestar frá innlendum söfnum eða 249 talsins, eða um 23,5% og skiptist það nokkuð jafnt milli háskóla-bókasafnanna á Bifröst, Reykjavík og Akureyri. Er þetta í fyrsta skipti sem bækur frá innlendum háskólum eru fleiri en frá erlendu land en heildarumfang beiðna stendur í stað frá fyrra ári.

ÚTLÁNADEILD

Útlánadeild sér um lánastarfsemi safnsins, hefur umsjón með gögnum á opnu rými og í geymslum, sér um aðföng til sviðsins og flokkun, skráningu, lyklun og frágang ritakostsins. Deildin starfrækir m.a. námsbókasafn fyrir HÍ, varðveitir safn lokaritgerða nemenda við HÍ og sér um almenna upplýsingaþjónustu á 2., 3. og 4. hæð. Deildin hefur jafnframt umsjón með lesrýmum og úthlutun lesherbergja.

AFGREIÐSLUTÍMI

Safnið var opið tæpa 80 tíma á viku yfir vetrartímann. Sumartími var í gildi frá 17. maí til 1. september og var safnið þá opið 44 tíma á viku. Sami afgreiðslutími var einnig frá 20. desember 2008 til 6. janúar 2009. 28. nóvember til 14. desember var afgreiðslutíminn lengdur um 6 tíma á viku vegna próftíma.



NOTENDAÞJÓNUSTA – AFGREIÐSLA

Vaktstöðvar útlánadeildar í safninu eru fjórar. Á 2. hæð er almenn afgreiðsla. Á 3. hæð eru veittar upplýsingar um blaða- og tímaritakost safnsins og lokaritgerðir nemenda við HÍ. Á 4. hæð eru veittar

upplýsingar um bókakost safnsins, og veitt þjónusta við notendur tón- og myndsafns. Þar er og námsbókasafn á opnu rými. Í kjallara eru afgreidd rit sem safngestir biðja um úr geymslum.

ÚTLÁN OG INNHEIMTA

Lánþegar voru alls 5.879 í lok árs en tölvuskráð útlán voru 60.597 þar af voru útlán í Lögbergi 1.939, í námsbókasafni 1.563 og í tón- og myndsafni 1.083. Handskráð útlán í VRÍI voru 386 og útlán alls voru því 60.983. Á eftirfarandi kökuritum sjást helstu hópar lánþega og hvernig útlán skiptast milli þeirra.



Innheimta vanskilagagna gengur mjög vel eftir að samstarf hófst við Intrum á Íslandi. Á árinu voru 36 mál send til Intrum.

ÚTGÁFA

Nokkur útgáfa á bæklingum á sér stað innan deildarinnar og eru þeir helst ætlaðir lánþegum safnsins.


RITAKOSTUR

Flest rit útlánadeildar eru á opnu rými á 4. hæð safnsins en hluti ritakostsins er í geymslum í kjallara hússins og í Mjódd. Ekki eru öll rit lánuð út og má þar nefna rit sem gefin voru út fyrir 1910, tímarit, handbækur, barnabækur, þýdda reyfara, smáprent og að sumu leyti stofnanaprent.

LESRÝMI

Í þjóðarbókhöfðu eru um 700 sæti fyrir þá sem vilja hafa afnot af gögnum safnsins með einum eða öðrum hætti. Á 3. og 4. hæð er almennt lesrými með 408 lessætum við borð, þar af 20 sæti í hópvinnuherbergjum. Þar eru einnig rúmlega 80 lágsæti bæði við lágborð og í tón- og myndsafni. Lesrýmið er mest notað af nemum HÍ og er því nýting eðlilega mest á próftímum. Einnig er góð

nýting meðan kennsla stendur yfir. Í safninu eru 28 lesherbergi sem safngestir geta fengið afnot af til ákveðins tíma. Mikil eftirspurn er eftir þessum herbergjum og eru þau nánast fullnýtt allt árið. Alls höfðu 97 safngestir afnot af lesherbergi á árinu (sjá kökurit). Eitt lesherbergi er ætlað fötluðum og annað sjónskertum til almennrar notkunar. Þessum herbergjum er úthlutað í samvinnu við Námsráðgjöf HÍ, og eru þau samnýtt af fleiri en einum notanda í einu.



NÁMSBÓKASAFN

Námsbókasafn er safn bóka, ljósrita og annars efnis sem kennarar við HÍ hafa óskað eftir að sé aðgengilegt nemendum í tengslum við tiltekin námskeið sem eru kennd við Háskólann. Efnid er þá sett í hillur merktar viðkomandi námskeiði og lánstíminn takmarkaður. Námsbókasafnið er einungis starfrækt að vetri til. Það er í opnu rými á 4. hæð safnsins. Gögn námsbókasafnsins eru ýmist til notkunar á staðnum, á dægurláni, þriggja daga láni, vikuláni eða tveggja vikna láni. Á vormisseri voru skráð 113 námskeið og haustmisseri 124, það mesta til þessa. Auk þess sem margir kennarar kjósa að taka bækur safnsins til hliðar og hafa þær í hillum námsbókasafns, eru ótalin námskeið þar sem aðeins er um að ræða itarefni í möppum frá kennurum en sú notkun námsbókasafns færist stöðugt í aukana. Kennarar í hugvísindadeild og félagsvísindadeild nota námsbókasafnið áberandi mest. Á árinu voru 137 námskeiðanna kennd í hugvísindadeild og 65 í félagsvísindadeild. Aðrar deildir sem voru með bækur á námsbókasafninu voru viðskipta- og hagfræðideild (14), guðfræðideild (7), lagadeild (3), raunvísindadeild (7), læknadeild (2) og hjúkrunarfræðideild (2). Útlán úr námsbókasafninu voru 1.563 á árinu. Misjafnt er hvort kennarar vilji hafa efni í námsbókasafni til útláns eða aðeins til notkunar á staðnum. Æ fleiri kennarar velja síðari kostinn. Þá hafa fleiri kost á að lesa ritin en ef þau eru lánuð út.

TALNINGAR

Til að fylgjast með nýtingu lessæta á 3. og 4. hæð er fjöldi gesta talinn reglulega, þ.e. á kvöldin, um helgar og að degi til í fyrstu viku hvers mánaðar. Niðurstöður koma fram í línuritum á bls. 35.

ERLEND SKRÁNING, LYKLUN OG FLOKKUN

Meginverkefni einingarinnar er flokkun, lyklun og skráning á erlendu efni sem keypt er fyrir deildir HÍ og safnið ásamt efni sem berst í bókgjöfum og í ritaskiptum. Einnig sér einingin að hluta til um flokkun og lyklun á erlendum ritauka þjóðdeildar og skráningu og lyklun á námsritgerðum frá HÍ. Starfsmenn vinna með skráningarráði Gegnis og taka að auki þátt í kennslu á vegum Landskerfis bókasafna. Einn starfsmaður faghópsins átti sæti í skráningarráði. Á árinu var áfram unnið að sameiningu efnisorða og að sameiningu færslna ólíkra safna í Gegni. Einnig fór fram nafnmynda- vinna vegna lokaritgerða. Unnið var að leiðbeiningum um skráningu tungumálanámskeiða, tölvugagna, hljóðbóka og samsettra gagna, sem síðan voru samþykkt í skráningarráði Gegnis. Nokkur vinna var lögð í að bæta útlit skráningar- færslna frá OCLC, til að lágmarka vinnu við þær. Unnin voru nokkur átaksverkefni vegna endur- flokkunar skv. 22. útg. Dewey kerfisins. Þá var á haustdögum gengið í það að skrá gjafir og var þar saxað verulega á.

AÐFÖNG

Einingin annast uppbyggingu ritakosts í þágu háskólanáms og rannsókna í samvinnu við háskólakennara. Um er að ræða val og kaup á bókum og öðru efni, svo sem kvikmyndum og rafrænu efni. Hún hefur einnig umsjón með

ritaskiptum við nokkrar erlendar stofnanir og sér um móttöku og úrvinnslu gjafa er safninu berast.

RITAKAUP HÍ

Árið 2008 var fjárveiting frá einstökum deildum Háskóla Íslands til safnsins vegna ritakaupa sem hér segir: guðfræðideild 500 þús. kr., lagadeild 7.2 millj. kr., viðskipta- og hagfræðideild 1 millj. kr., hugvísindadeild 6 millj. kr., lyfjafræðideild 500 þús. kr., tannlæknadeild 1.2 millj. kr., verkfræðideild 7 millj. kr. og raunvísindadeild 4.4 millj. kr., samtals 27.8 millj. kr. Þessu fé er ráðstafað í tímarit, bækur og önnur gögn á fræðasviðum Háskóla Íslands í náinni samvinnu við háskólakennara og/eða bókasafnsfulltrúa. Kostnaður vegna séráskrifta ein- stakra deilda HÍ að stafrænum gögnum var um 8,65 millj. kr. Að auki greiddi HÍ miðlægt um 22,1 millj. kr. vegna landsaðgangs að stafrænum tímaritum.

GJAFIR



Margar góðar gjafir bárust á árinu. Af íslenskum bókgjöfum ber að nefna gjöf ættingja Ólafs Odds Jónssonar, prests á Kálfatjörn, á bókasafni hans. Sandra May Ericson gaf safninu mjög gott bókasafn sitt um listir. Önnur góð gjöf voru bækur um leikritun og leiklistarsögu úr dánarbúi Árna Ibsen. Fimm ára í röð gaf The Japan Foundation safninu um 80 bækur á japönsku til styrktar japönsku- kennslu við H.Í. Kínverska sendiráðið gaf safninu um 100 bækur og í tilefni af stofnun Konfúsíusarstofnunar við Háskóla Íslands fékk safnið veglega bókgjöf. Alþjóðamálastofnun sendir safninu reglulega bækur að gjöf fyrir tilstilli bandaríska sendiráðsins og Goethe Institut hefur einnig árlega gefið safninu bækur. Aðrir gefendur voru t.d. Beatrice Bixon, sem reglulega færir safninu bókgjafir.


LYKILTÖLUR

Til að átta sig betur á breytingum í rekstri safnsins og bera saman frá ári til árs eru eftirfarandi tölur birtar. Ársfjórðungslega er fylgst með ýmsum þáttum svo sem notkun á vefjum safnsins, fjölda gesta á 3. og 4. hæð safnsins, safnkynningum, útlánum þjónustusviðs, ásamt stafrænni myndatöku.


NOTKUN Á VÖLDUM VEFJUM SAFNSINS, Þ.E. AÐALVEF, TIMARIT.IS OG HVAR.IS 2006 – 2008

Modernus hefur framkvæmt mælingar á aðalvefnum, timarit.is og hvar.is frá því í október 2004 og því er hægt að bera þessa vefi saman milli ára. Ljóst er að þrátt fyrir fjölgun notenda hefur örlítill minnkun orðið á notkun aðalvefjarins og hvar.is frá 2007. Aðalvefurinn er eftir sem áður mest sótti vefurinn af öllum vefjum safnsins þótt timarit.is slagi nú hátt upp í hann en mikil aukning varð á notkun á timarit.is í desember en vefurinn fékk nýtt viðmót og betra leitarkerfi þann 1. desember.







FJÖLDI SAFNKYNNINGA - SAMANBURÐUR MILLI ÁRSFJÓRÐUNGA 2006 TIL 2008




Fjöldi gesta á safnkynningum samanburður milli ársfjórðunga 2006 til 2008




STAFRÆN MYNDUN – SAMANBURÐUR Á FJÖLDA BLAÐSÍÐNA MILLI ÁRSFJÓRÐUNGA 2006 TIL 2008



ÚTLÁN ÞJÓNUSTUSVIÐS – SAMANBURÐUR MILLI ÁRSFJÓRÐUNGA 2006 TIL 2008



TALNING Á FJÖLDA GESTA Á 3. OG 4. HÆÐ SAMANBURÐUR 2006 TIL 2008



Úr handritinu ÍBR 38 4to, bl. 1r.

ÁRSTÖLUR

Í lok árs eru teknar saman og birtar hér tölur um þjónustu við notendur, aðföng og ýmsa aðra þætti svo sem starfsemi myndastofu og bókbands, starfsmenn og fjárhags safnsins. Reynt er að breyta sem minnstu milli ára en það er ekki alltaf gerlegt og bætt er við eða fellt út eftir því sem starfsemin breytist.

NOTENDUR OG ÞJÓNUSTA

Notendur safnsins eru bæði þeir sem koma í safnið og þeir sem nota vefi safnsins. Lesendur á lessal handritadeildar og þjóðdeildar eru taldir en þar sem ekki er hægt að telja þá sem koma í safnið eru notendur á opnum rýmum 3. og 4. hæðar taldir fyrstu viku hvers mánaðar. Á virkum degi á próftíma eru um 400 notendur á 3. og 4. hæð þegar flest er. (Sjá bls. 35).

NOTKUN Á VEFJUM SAFNSINS

	Notendur	Innlit	Flettingar
Aðalvefur	137.845	233.562	690.328
Tímarit	93.348	165.244	1.811.434
Kort	13.982	15.077	103.541
Doktor	14.037	15.208	52.832
Útgáfuskrá	10.343	10.933	22.990
Sagnanet	8.710	9.879	21.490
Jónas Hallgrímsson	10.369	12.475	51.300
Kvennasögusafn	2.326	2.950	9.849
HASK (Handbók skrásetjara)	3.693	12.313	75.202
Samtals	294.653	477.701	2.838.936
Hvar.is	91.840	156.331	300.836

Þótt heildarfjöldi notenda hafi aukist lítillega milli ára er örlítill minnkun á notkun aðalvefjarins og hvar.is frá 2007 en talsverð aukning á notkun tímarit.is. Aðalvefurinn er eftir sem áður mest sótti vefurinn en tímarit.is tók stökk í desember er ný útgáfa vefjarins var kynnt og stefnir vefurinn í að verða mest sótti vefur safnsins. Hvað aðra vefi snertir er 2008 fyrsta fulla árið sem þeir eru mældir. Greinilegt er að notkun á vefjum safnsins er mjög ólík. Þannig er t.d. langmest sótt af síðum á tímarit.is, en ef síðuflettingum er deilt á fjölda notenda hefur HASK vefurinn vinninginn. Sagnanetið og kortavefurinn skera sig úr í því að meira en helmingur umferðar á þá vefi kemur frá öðrum löndum sem gefur ákveðna vísbendingu um aðráttarafi þessara vefja utan Íslands.

FJÖLDI LÁNÞEGASKÍRTEINA

	2005	2006	2007	2008
Nemar HÍ	3.308	3.229	2.889	3.268
Starfsmenn HÍ og Lbs-Hbs	722	578	606	933
Nemar utan HÍ	782	889	799	715
Aðrir lánþegar	1.203	1.099	924	963
Samtals	6.015	5.795	5.218	5.879

LESTRARSALUR HANDRITAEILDAR OG ÞJÓÐEILDAR

Fjöldi gesta	2005	2006	2007	2008
Samtals	8.475	8.120	7.270	7.010

ÚTLÁN

	2005	2006	2007	2008
Útlánadeild – Þjóðarbókhlaða og útibú				
Stúdentar HÍ	42.833	40.913	39.751	38.916
Starfsmenn HÍ og Lbs-Hbs	8.813	7.989	8.175	8.095
Nemar utan HÍ	5.264	5.480	5.183	4.212
Aðrir lánþegar	10.362	8.335	8.767	9.374
Samtals	67.272	62.717	61.876	60.597
Þjóðdeildarefni lánað á lestrarsal	9.713	9.668	8.812	9.323
Handrit lánuð á lestrarsal	3.336	3.097	2.968	3.344
Tón- og myndsafn				
Hljóðrit – útlán	286	129	213	103
Myndefni – útlán	1.330	887	910	904
Tölvugögn – útlán		46	110	121
Myndefni – áhorf	968	811	856	312
Hljóðrit – hlustun	765	677	667	280
Nótur – útlán (fyrst talið 2008)				244
Samtals	16.398	15.315	14.536	14.631
Heildarútlán	83.670	78.032	76.412	75.228

MILLISAFNALÁN

	2005	2006	2007	2008
Til bókasafnsins				
Bækur, filmur o.fl.	1.044	1.112	1.093	1.062
Ljósrit	2.426	2.237	1.452	1.388
Frá bókasafninu				
Bækur, filmur o.fl.	524	517	595	662
Ljósrit	1.195	957	795	888
Samtals	5.189	4.823	3.935	3.994
Millisafnalán til handritadeildar	97	43	23	20
Millisafnalán frá handritadeild	41	36	154	71
Samtals í handritadeild	138	79	177	91
Millisafnalán í heild	5.327	4.902	4.112	4.085

NOTKUN Á STAFRÆNUM GAGNA- OG TÍMARITASÖFNUM

	2005	2006	2007	2008
Samtals sóttar greinar í landsaðgangi	640.737	805.743	908.871	1.513.448
Samtals sóttar greinar í séráskriftum HÍ				18.300
Samtals sóttar greinar	640.737	805.743	908.871	1.531.748

Það hefur reynst erfitt að fá áreiðanlegar upplýsingar um notkun frá nokkrum þeirra sem leggja til efni í Landsaðgang og því ber að hafa í huga að hið mikla stökk í notkun miðað við 2007 skýrist af því að seint á árinu 2007 kom í ljós að sóttar greinar í greinasafn Morgunblaðsins (3 ára og eldra efni sem er í Landsaðgangi) voru ekki taldar nema að óverulegu leyti. Úr þessu var bætt og það ásamt ýmsum aðgerðum til að auka notkun á greinasafninu skýrir aukninguna. Ef notkun á greinasafni Morgunblaðsins er undanskilin var aukning á fjölda sótttra greina á árinu um 4,2 %.

Varðandi sóttar greinar í séráskriftum HÍ ber að nefna að tölur um notkun ná aðeins til þeirra gagnasafna sem greitt er fyrir aðgang að en frjáls aðgangur er að fjölmörgum öðrum gagnasöfnum (sjá bls. 28).

PRENTUN OG LJÓSRITUN SAFNGESTA

Fjöldi blaðsíðna	2005	2006	2007	2008
Prentun	198.524	194.227	196.412	322.656
Ljósritun	484.001	467.602	363.758	372.821

UPPLÝSINGAÞJÓNUSTA

	2005	2006	2007	2008
Fjöldi gesta á safnkynningum				
Frumkynningar fyrir HÍ	820	1.190	1.221	1.051
Framhaldskynningar fyrir HÍ	454	680	827	768
Aðrir	712	104	356	195
Samtals	1.986	1.974	2.404	2.014
Fjöldi safnkynninga				
Frumkynningar fyrir HÍ	33	41	29	44
Framhaldskynningar fyrir HÍ	20	43	47	58
Aðrir	33	8	21	11
Samtals	86	92	97	113
Bæklingar				
Nýir	6	5	2	2
Endurútgáfa	35	37	39	12
Samtals	41	42	41	14
Fyrirspurnir	2005	2006	2007	2008
Upplýsingadeild				
Tölvupóstur	311	326	498	423
Í síma eða á staðnum	41	101	98	91
Heimildaleitir	15	27	25	25
Tón- og myndsafn	52	60	53	21
Þjóðdeild			31	42
Samtals	419	514	705	602



Úr handritinu ÍBR 87 4to, bl. 143r.

SAFNKOSTUR OG REKSTUR

AÐFÖNG

Skylduskil ¹	2005	2006	2007	2008
Bækur (rit skráð sem bækur)	6.077	6.227	6.325	7.794
Tímarit (hefti)	7.769	8.352	9.131	8.626
Blöð (tölublöð)	8.051	7.913	9.601	7.602
Ársskýrslur	833	883	648	580
Veggspjöld	1.682	579	897	583
Landakort	109	51	98	77
Smælki	14.400	9.000	8.660	9.560
Hljóðrit ²	784	870	887	680
Myndbönd og mynddiskar ³	15	39	52	72
Hljóðbækur	57	215	120	31
Margmiðlunardiskar/tölvugögn				2
Vefsöfnun – fjöldi skjala í þúsundum	2005	2006	2007	2008
Heildarsafnanir	84.207	80.448	77.495	153.540
Vikulegar safnanir		22.960	42.640	49.289
Atburðasafnanir		19.282	25.871	0
Samtals fjöldi skjala í þúsundum	84.207	122.690	145.946	202.829
Önnur aðföng	2005	2006	2007	2008
Bækur, keyptar	2.750	2.275	3.085	2.923
Bækur, gjafir/ritaskipti	3.343	3.507	3.029	3.534
Erlend tímarit, keypt í Lbs-Hbs	1.124	820	758	737
Erlend tímarit, keypt af stofnunum HÍ	40	50	50	56
Erlend tímarit, gjafir/ritaskipti	750	720	680	550
Eldri árgangar tímarita	494	250	387	175
Íslensk tímarit, keypt	82	88	103	124
Íslensk tímarit, gjafir	40	30	35	45
Hljóðrit, keypt	63	165	93	58
Hljóðrit, gjafir		9	30	2
Myndbönd og mynddiskar, keypt	180	146	146	264
Myndbönd og mynddiskar, gjafir	12	36	122	122
Aðföng handritadeildar	52	68	55	41

¹ Hér eru talin þau þrjú eintök sem varðveitt eru í Lbs-Hbs. Af dagblöðum, hljóðbókum og margmiðlunardiskum eru einnig talin þrjú eintök en tvö eintök af smælki og veggspjöldum. Tölur um smælki eru áætlaðar.

² Þ.e. eintök; samtals 259 titlar. Hér eru taldir með 56 titlar af Islandica extranea og 89 titlar sem einstaklingar, kórar og hljómsveitir hafa gefið út á eigin vegum.

³ Þ.e. titlar. Hér eru taldir með margmiðlunardiskar og 29 titlar af Islandica extranea.

MYNDASTOFA

	2005	2006	2007	2008
Fjöldi örfilma (dagblöð) ⁴	70	0	111	0
Stafrænar myndir (fjöldi blaðsíðna) ⁵				
Blöð og tímarit	303.287	385.201	531.508	651.436
Bækur	1.636	1.794	120	4.136
Handrit	6.852	11.178	3.037	16.697
Samtals fjöldi blaðsíðna	311.775	398.173	533.655	672.269

BÓKBANDSVERK

	2005	2006	2007	2008
Einingar	41.001	41.805	41.030	42.908

ALPJÓÐLEG BÓK- OG TÍMARITSNÚMER

ISSN-tímaritsnúmer	2005	2006	2007	2008
Fjöldi stakra númera	125	80	78	41
ISBN-bóknúmer				
Fjöldi forlagsraða	58	32	63	74
Fjöldi stakra númera		111	165	178

YFIRLIT YFIR ÁRSVERK STARFSMANNA SKIPT Á STARFSEININGAR⁶

	2005	2006	2007	2008
Skrifstofa landsbókavarðar	6,00	6,00	6,00	7,50
Tölvuþjónusta	4,60	3,50	4,00	4,00
Þjóðdeild	21,23	20,58	21,15	20,75
Handritadeild	6,75	7,15	6,75	5,00
Útlánadeild	18,43	17,65	17,20	19,16
Upplýsingadeild	11,85	11,00	11,00	9,70
Landsaðgangur	1,00	1,00	1,00	1,00
Kvennasögusafn Íslands	1,00	1,00	1,00	1,00
Bókband og viðgerðarstofa	5,00	5,00	4,00	4,00
Myndastofa	4,67	4,17	5,17	4,67
Útibú	2,50	1,40	1,03	1,25
Varaeintakasafn	0,80	1,00	1,00	0,70
Húsrekstur	4,25	4,25	4,00	4,25
Samtals ársverk	88,08	83,70	82,30	82,98
Flokkun starfsmanna (ársverk)	2005	2006	2007	2008
Bókasafnsfræðingar	33,45	32,40	28,90	30,05
Bókaverðir með háskólapróf	24,63	23,78	24,20	22,00
Aðrir bókaverðir	11,48	12,10	15,13	14,01
Aðstoðar- og skrifstofufólk	8,67	7,42	7,77	8,52
Aðrir starfsmenn	9,85	8,00	6,30	8,40
Samtals stöðugildi	88,08	83,70	82,30	82,98

⁴ Árið 2005 hætti safnið að mynda safnefni á örfilmur en árið 2007 voru gerð afrit samkvæmt pöntun erlendis frá.

⁵ Í Amtsbókasafninu á Akureyri voru myndaðar 265.009 bls. og 407.260 í þjóðarbókhöfðu.

⁶ Í byrjun árs fluttist sýningarhald frá handritadeild og vefumsjón frá upplýsingadeild til rekstrarsviðs.

REKSTRARGJÖLD (Í ÞÚS. KRÓNA)

	2005	2006	2007	2008
Laun	377.311	344.731	367.001	407.999
Ritakaup	106.907	121.732	158.247	166.322
Önnur gjöld	136.504	146.782	190.516	224.034
Samtals	620.722	613.245	715.764	798.355
Hlutfallstölur	2005	2006	2007	2008
Laun	60,8	56,2	51,3	51,1
Ritakaup	17,2	19,9	22,1	20,8
Önnur gjöld	22,0	23,9	26,6	28,1

REKSTRARREIKNINGUR (Í ÞÚS. KRÓNA)

Tekjur	2007	2008
Framlag Háskóla Íslands til ritakaupa	39.090	29.776
Innheimt vegna landsaðgangs að stafrænum gögnum og tímaritum	76.016	99.630
Aðrar tekjur	52.598	52.736
Af fjárlögum	585.777	635.938
Samtals	753.481	818.080
Gjöld		
Laun	367.001	407.999
Rekstur húsnæðis	84.834	108.302
Ritakaup	43.920	43.695
Landsaðgangur að stafrænum gögnum og tímaritum	114.327	122.727
Kostnaður vegna bókasafnskerfa (Landskerfi bókasafna og fleira)	19.371	18.351
Rekstur tölvu- og tækjabúnaðar	17.693	25.508
Önnur gjöld	68.618	71.873
Samtals	715.764	798.355
Rekstrarafgangur	37.717	19.725



Úr handritinu ÍBR 46 4to, bl. 44r.